



ársskýrsla

2022





Efnisyfirlit

Formannspistill	4
Um Símenntun á Vesturlandi	6
Stjórn	
Starfsfólk	
Starfsstöðvar	
Innra starf Símenntunar.	12
Markaðsmál: nýtt merki og nýr vefur	
Kennslu- og nemendabókhaldskerfi	
Starfsemin í tölum	18
Þjónusta við fjarnema	24
Samstarfsaðilar	27
Formlegir samstarfsaðilar	
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Nám er tækifæri	
Nám og þjónusta fyrir flóttafólk	
Verkefni Símenntunar á Vesturlandi	31
Náms- og starfsráðgjöf	
NýVest	
Gleipnir - Nýtt nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi	
Tæknilæsi 60+	
Samningur við Ríkismennt	37
Raunfærnimat	38
Vottaðar námsleiðir	41
Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun	42
Hæfnigreininar starfa	43
Fjölmennt	43
Íslenskukennsla	45
Samstarfsverkefni – innlend og erlend	47
Fyrirtækjafræðsla	54
Fræðslustjóri að láni	55
Samtök í fullorðinsfræðslu	56
Úr ýmsum áttum	57
Að lokum	62

Formannspistill

Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga.

Mandell Creighton

Liðið starfsár Símenntunar var viðburðaríkt í meira lagi. Samþykktir Símenntunar voru endurskoðaðar og uppfærðar, nýtt einkennismerki var tekið í notkun og kynningarmál endurmetin og allnokkrar breytingar urðu í starfsmannahaldi miðstöðvarinnar. Er þar fyrst að nefna að Inga Dóra Halldórsdóttir, sem verið hafði framkvæmdastjóri Símenntunar frá því árið 2006, lét af störfum á seinni hluta ársins 2022. Vil ég nota þennan vettvang til að þakka Ingu Dóru fyrir allt hennar ómetanlega framlag til Símenntunar á þessum árum sem hún hélt um stjórntauma miðstöðvarinnar. Við starfi Ingu Dóru tók Guðrún

Vala Elísdóttir sem var valin úr hópi 13 umsækjenda um starf framkvæmdastjóra. Guðrún Vala þekkir vel til starfa Símenntunar eftir að hafa starfað sem náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri hjá miðstöðinni síðan árið 2006. Einnig urðu nokkrar breytingar aðrar á samsetningu starfsmannahóps Símenntunar og vil ég þakka þeim sem hurfu til

annarra starfa fyrir þeirra framlag og störf um leið og ég býð þá sem komnir eru til liðs við starfsmannahópinn okkar velkomna í hópinn með von og trú um gott og farsælt samstarf. Þessu til viðbótar þá eru þessa dagana flutningar á starfsemi Símenntunar á Akranesi í gangi og bindum við miklar vonir við að ný staðsetning skapi ný tækifæri á þeim bænum.



Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður stjórnar Símenntunar á Vesturlandi

Símenntun á Vesturlandi gegnir mikilvægu hlutverki og skyldum í víðu samhengi samfélagslega. Í því tilliti horfi ég ekki síst til fræðslu nýrra íbúa á Íslandi. Við sem samfélag þurfum í ríkari mæli að treysta á aðstoð og framlag innflytjenda í atvinnulegu tilliti ekki síst. Við þurfum á auknum mannafla að halda í velferðargeiranum og ferðaiðnaðinum svo einhverjar atvinnugreinar séu nefndar. Aðkoma Símenntunar hvað það varðar að kenna íslensku og aðrar

starfstengdar greinar skiptir miklu máli.

Samfélagsbreytingar eru örar og nú skipa loftslagsmál og málefni því tengdu stóran sess og eru ofarlega á baugi og ýmiss konar tæknibreytingar eru gríðarlegar dag frá degi. Menntastofnanir, líkt og Símenntun á Vesturlandi, hafa stóru hlutverki að gegna til þess að hjálpa okkur sem samfélagi

við að halda í við þróunina þannig að við drögumst ekki aftur úr í samkeppni þjóða.


Ágæti lesandi, okkar sjálfra vegna og samfélagsins alls þá þurfum við að halda áfram að spyrja okkur og samferðafólk okkar spurninga sem geta orðið okkur öllum til gagns. Hér í upphafi vitna ég í Mandell Creighton, sem var breskur sagnfræðingur og biskup á 19. öld, og finnst mér þessi setning, „hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga“ eiga vel við hér þegar

umfjöllunarefnið er símenntun. Höfum í huga gott fólk að það er engin spurning þess eðlis að hún eigi ekki rétt á sér. Með því að spyrja spurninga og leita svara þá öðlumst við þekkingu sem við búum að til framtíðar. Hlutverk Símenntunar á Vesturlandi er að aðstoða sína umbjóðendur og sína viðskiptavini við að forma spurningar og leita svara við þeim, sér og sínum til hagsbóta.

Björn Bjarki Þorsteinsson

Sveitarstjóri í Dalabyggð

formaður stjórnar Símenntunar á Vesturlandi.



Um Símenntun á Vesturlandi

Stjórn Símenntunar

Í stjórn Símenntunar á Vesturlandi sitja fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2022.

Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Björn Bjarki Þorsteinsson Dalabyggð	Rósa Guðmundsdóttir G.RUN
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir Fjölbautaskóli Snæfellinga	Bragi Þór Svavarsson Menntaskóli Borgarfjarðar
Anna Jóna Kristjánsdóttir Háskólinn á Bifröst	Áshildur Bragadóttir Landbúnaðarháskólinn
Lilja Björg Ágústsdóttir Borgarbyggð	Jóhanna María Sigmundsdóttir Dalabyggð
Silja Eyrún Steingrimsdóttir Stéttarfélag Vesturlands	Kristín Kristjánsdóttir Stéttarfélag Vesturlands

Björn Bjarki Þorsteinsson sem tók við sem formaður á árinu 2021, var kjörinn formaður til tveggja ára á aðalfundinum 2022.

Stjórn hélt alls sex fundi á árinu og fjallaði m.a. um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og endurskoðun hennar og einnig endurskoðun skipulagsskrár auk ársreikninga fyrir árið 2021. Á fundum var iðulega farið yfir stöðu reksturs og verkefni framundan voru gjarnan kynnt fyrir stjórninni og rædd. Þá fjallaði stjórnin um ráðningu nýs framkvæmdastjóra og önnur starfsmannamál.

Aðalfundur 2022

Aðalfundur Símenntunarvarhaldinn 16. mars 2022. Á fundinum var farið yfir ársskýrsluna fyrir árið 2021 og endurskoðaðan ársreikning. Þá voru kynntar breytingar á skipulagsskrá, þær tillögur lagðar fram og samþykktar. Eins var kosið í stjórn samkvæmt þeim breytingum. Samkvæmt nýrri skipulagsskrá heitir stofnunin nú Símenntun og er fjöldi fulltrúa í stjórn fimm í stað sex áður. Endurskoðuð skipulagsskrá er á vef Símenntunar > [Skipulagsskrá | Símenntun á Vesturlandi](#)



Inga Dóra Halldórsdóttir í ræðustól á aðalfundi.

Starfsfólk

Hjá Símenntun á Vesturlandi störfuðu sex starfsmenn á árinu 2022. Ársverk voru 4,10.

Guðrún Vala Elísdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri 100%

Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri 100%

Magnús Smári Snorrason, verkefnastjóri 80-100%

Sigurgeir Viktorsson, bókari 25%

Sólveig Indriðadóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri 100%

Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, markaðs- og verkefnastjóri (hóf störf 1. september) 50%

Steinar Sigurjónsson, náms- og starfsráðgjafi (hóf störf 10. október) 100%

Sólveig, Inga Dóra og Magnús Smári létu öll af störfum á árinu og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar.

Nýr framkvæmdastjóri

Á stjórnarfundum Símenntunar á Vesturlandi 7. desember 2022 var Inga Dóra Halldórsdóttir formlega kvödd, eftir 17 ára samfellt starf í Símenntun, þar af framkvæmdastjóri í 16 ár.

Símenntun á Vesturlandi hefur vaxið og dafnað á þessum árum undir stjórn hennar og metnaðarfulls starfsfólks. Inga Dóra hefur tekið við sem framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Brákarhlíðar í Borgarnesi.



Inga Dóra lét af störfum sem framkvæmdastjóri og Guðrún Vala tók við.

Um leið var boðin velkomin Guðrún Vala Elísdóttir í stöðu framkvæmdastjóra Símenntunar á Vesturlandi. Hún hefur starfað hjá Símenntun í 16 ár sem náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, en tekur nú við nýju hlutverki.

Verktakar

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um sjötíu verktakar hjá Símenntun á árinu, við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfsemi miðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum og vinna sem matsaðilar í raunfærni-mati sem og í verkefnastjórnun og þróunarverkefnum.

Starfsstöðvar


Á árinu 2022 starfrækti Símenntun tvær starfsstöðvar, aðra á Akranesi og hina í Borgarnesi.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Ben og félagar ehf.
Skrifstofur	Akranes	Bárugata 10-12	Brim

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir báðar starfsstöðvarnar og var gerð úttekt á þeim haustið 2020.

Símenntun hefur leigt húsnæði á Breiðinni á Akranesi frá október 2020. Áætlað var að kennsluaðstaða yrði tilbúin þar á haustmánuðum 2021, en þeirri framkvæmd seinkaði og hefur Símenntun m.a. þurft að leigja aðstöðu af Starfsendurhæfingu Vesturlands að Suðurgötu 57 fyrir kennslu og próftöku háskólanema. Kennsluaðstaðan var ekki tilbúin í byrjun haustannar 2022 en þá bauðst Símenntun að fá húsnæði að Smiðjuvöllum 28, í sama húsi og Vinnumálastofnun og Starfshæfing Vesturlands munu flytja í. Gengið var til samninga við leigusala og eru fyrirhugaðir flutningar þangað í mars 2023. Á Smiðjuvöllum verða tvær skrifstofur, rúmgóð kennslustofa, viðtalsherbergi, tvö salerni og eldhúskrókur og er allt hannað í takt við þarfir Símenntunar.

Í Borgarnesi leigir Símenntun kennslustofu og skrifstofurými að Bjarnarbraut 8 af félaginu Ben og félagar ehf.



Viðtal við Björgu Árnadóttur

fyrsta framkvæmdastjóra Símenntunar á Vesturlandi

Eins og Landsvirkjun þekkingarinnar

Björg Árnadóttir var framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi frá stofnun hennar 1999 til ársins 2001. Hún hefur víða komið við á löngum ferli en er líklega þekktust í dag fyrir ritlistarnámskeið sín á vegum Stílvopnsins, fyrirtækis sem hún rekur.

Hvers vegna fór hún í fullorðinsfræðslu til að byrja með?

Upphaflega gekk Björg í Myndlista- og handíðaskólann og tók þaðan kennarapróf. Þá fór hún til Svíþjóðar og lærði þar blaðamennsku og síðar menntunarfræði skapandi greina.

Hún byrjaði fljótlega að skrifa á sænsku á Svíþjóðarárunum, starfaði við blaðamennsku og gaf m.a. út bók á sænsku. Hún bjó um tíma nyrst í Svíþjóð, í Luleå og starfaði í nokkurs konar menntasmiðju þar sem hún hafði hið virðulega starfsheiti "kultur pedagog".

En störfín sem hún vann eftir að hún sneri aftur heim til Íslands um 1990 beindu henni líka í farveg fullorðinsfræðslunnar. Hún kenndi fyrst í Menntasmiðjunni á Akureyri og var svo í framhaldi af því fengin til að skrifa skýrslu um fyrirhugaða menntasmiðju á Akranesi. Þaðan lá svo leiðin í Símenntunarmiðstöðina sem var stofnuð árið 1999.

Upphaf Símenntunarmiðstöðvarinnar

En höldum nú aftur í tímann um rúma tvo áratugi. Ég hringdi í Björgu og spjallaði við hana um upphaf Símenntunarmiðstöðvarinnar.


„Símenntunarmiðstöðin var stofnuð í febrúar árið 1999“, segir Björg. „Stofnun hennar var í rauninni hluti af eða byrjunin á fimm ára áætlun stjórnvalda um fullorðinsfræðslu.“ Þetta var landsátak því um svipað leyti voru settar á stofna sambærilegar miðstöðvar um allt land. Þarna



Björg Árnadóttir

hafa stjórnvöld sýnt stórhug. Björg tekur undir það og bætir við: „Þetta var mjög skemmtilegur tími. Við vorum í raun alla daga að finna upp hjólið, gera alveg nýja hluti“. Jafnvel orðið símenntun var nýyrði, væntanlega íslenskun á enska hugtakinu lifelong learning. Þessi hugsun að maður sé allt lífið að læra.

Fyrsta starfsár miðstöðvarinnar hófst fyrir alvöru haustið 1999 með útkomu blaðs í tilefni af Degi símenntunar þar sem verkefninu var fylgt úr hlaði. Í blaðinu sem er mjög veglegt, kennir margra grasa. Meðal annars er þar leiðari eftir framkvæmdastjórann sem ber nafnið: Símenntun: lausnarorð við aldahvörf. Þar segir m.a.: „Miðstöðvar um símenntun eru að skjóta upp kollinum í öllum kjördæmum og “Dagur símenntunar” verður haldinn í fyrsta sinn innan skamms. Símenntunarmiðstöðvarnar hljóta í sameiningu að verða Landsvirkjun þekking-



arinnar. Þær munu virkja þekkingarþörfina og finna henni nýja farvegi.“

Sannarlega háfleyg orð og metnaðarfull. En hvernig gekk þetta svona í byrjun?

Fyrstu skrefin

Þetta var sannkallað frumkvöðlastarf, að sögn Bjargar. Fyrst var hún ein, en svo fékk hún fljótlega ritara, Katrínu Gunnarsdóttur. “En mér leið alltaf eins og allt landið væri með mér í þessu, allar hinar miðstöðvarnar, svo gott var samstarfið á milli okkar.” Miðstöðvarnar voru upphaflega sjö, á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Eyjafirði, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi.

Starfsemin var til húsa í stjórnsýsluhúsinu í Borgarnesi. Þegar stofnun miðstöðvarinnar var í undirbúningi var gengist fyrir söfnun á svæðinu svo Björg segist hafa tekið við góðu búi, stofnframlögin hafi tryggt öflugan rekstur.

Hún minnst þessa tíma með mikilli hlýju: “Ég hafði dásamlegt samstarfsfólk“, segir Björg og telur upp stjórnarfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar sem sést hér á mynd sem tekin er úr fyrsta blaðinu. Í hópi bakhjarlanna voru öflugar og stórar menntastofnanir á borð FVA og háskólana tvo, hefði Símenntun kannski getað starfað meira í skjóli þeirra? “Nei, svarar Björg, „hugmyndin var einmitt að hún yrði óháð“. Það hefur sennilega verið framsýni á sínum tíma, svona ef nánar er að gáð.

Tölvunámskeiðin „Tölvunámskeiðin“

Í blaðinu sem kom út haustið 1999 voru námskeið vetrarins kynnt. Þar var margt í boði, t.d. tölvunámskeið undir yfirskriftinni “Tölvunámskeiðin” og var m.a. boðið upp á tölvunámskeið fyrir aldraða (enda var þetta á ári aldraða) og tölvunám fyrir konur í dreifbýli. En hvað með karlana? Samkvæmt blaðinu var ekki sérstakt tölvunámskeið fyrir karla, hins vegar var annað námskeið í boði sem þeir hafa mögulega flykkst á. Námskeiðið “Sungjið með Diddú” sem var haldið í Reykholti.

Annars er listinn yfir námskeiðin þetta fyrsta ár mjög áhugaverður:

Tölvunámskeiðin „Tölvunámskeiðin“

Tölvunámskeið fyrir almenning

Tölvur á ári aldraða

Tölvunám fyrir konur í dreifbýli

Tómstundanámskeið

Táknin á nótnapappírnum

Syngjum með Diddú (í Reykholti)

Prímadonnur og perlusöngur

Afrískir dansar

Enska

Greinar og viðtöl

Rím og stuðlar

Sjálfstýrking

Vélavarðarnám

Leiðsagnarnám

Íslenska fyrir útlendinga



Fremri röð frá vinstri: Björg Ágústsdóttir fulltrúi SSV, Björg Árnadóttir, Þórir Ólafsson, frá FVA og stjórnarformaður, Runólfur Ágústsson, Samvinnuháskólanum, og Hrefna B. Jónsdóttir frá SSV. Aftari röð f.v.: Vífill Karlsson frá Samvinnuháskólanum, Elínborg Magnúsdóttir fulltrúi stéttarfélagi, Helgi Björn Ólafsson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Berghildur Reynisdóttir frá stéttarfélagunum, Magnús B. Jónsson, Landbúnaðarháskólanum og Róbert Jørgensen, fulltrúi atvinnurekenda.

Símenntunarmiðstöðin hefur augljóslega siglt úr vör með fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá sem segja má að hafi verið mjög framsýn og gefið rækilega tóninn fyrir starfsemina í Símenntun framtíðarinnar. Enn eru haldin námskeið í íslensku fyrir útlandinga, tölvufærni fyrir eldri borgara, sjálfsstyrkingu o.fl.

Fjarfundir

En á sama tíma var ný tækni að ryðja sér til rúms. Til stóð að geta haldið fjarfundi á ýmsum stöðum um fjórðunginn. Stórkostleg framför sem ruddi brautina fyrir allra handa fjarnám eins og við þekkjum það í dag auk fjarfunda. En Björg minnst líka byrjunarerfiðleikanna með tilheyrandi tengingarvandráðum og jafnvel andvökunóttum fyrir mikilvægan fjarfund daginn eftir. Þetta var næstum því í árdaga Internetsins og ljósleiðarinn ekki mættur á svæðið enn heldur var svokallað innhringisamband í gegnum "mótald". Orð sem ekki eru lengur notuð frekar en tækin sjálf.

Og í takt við nýja tíma var birtur listi í áður-nefndu haustblaði með orðskýringum, listi yfir tölvuorð og hvað þau þýða. Hér eru tvö dæmi:

Internet

Byrjaði sem samskiptanet bandaríska hersins og síðan tengdust bandarískar háskólatölvur Netinu. Byggir á samskiptastaðlinum TCP/IP sem orðið hefur lykillinn að nútíma tölvusamskiptum. Netið hefur engan kjarna, heldur er það bara þeir netþjónar sem tengjast því. Það er því enginn sem á Netið né stjórnar því.

Upplýsingasamfélag

Samfélag þar sem upplýsingar, þjónusta og samskipti eru ráðandi. Lykillinn að slíku samfélagi er þekking.

Einnig var merking orðanna netþjónn, bandbreidd, ISDN og mótald útskýrð og margt fleira.

Hvað tók svo Björg sér fyrir hendur þegar hún hætti hjá Símenntun?

Björg og fjölskylda fluttu til Reykjavíkur árið 2001 og því ákvað hún að láta af störfum sem framkvæmdastjóri, vildi ekki stunda þetta úr öðru byggðarlagi. Þegar suður var komið hélt hún hins vegar áfram á svipaðri braut. Hún stofnaði ásamt öðrum Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík sem enn er starfandi og

tók svo við Námsflokkum Reykjavíkur af Guðrúnu Halldórsdóttur.

Frá 2015 hefur Björg síðan verið með Stílvopnið og þær skapandi smiðjur sem þar er boðið upp á. Námskeið hennar einskorðast reyndar alls ekki við ritlistina heldur eru sköpunarsmiðjur að mörgu leyti nákvæmari lýsing. Námskeiðin sem hún býður uppá heita nöfnum á borð við Skapandi skrif, Endurminningaskrif og Hetjuferðin (e. The Hero's Journey). Mikil aðsókn er í endurminningaskrif og svo virðist sem margir finni þörf fyrir að skrifa æviminningar sínar eða ættarsögu. Þetta síðastnefnda snýr svo að sérstakri uppbyggingu skáldsagna, hringlaga ferli sem lýsir þroskasögu aðalsöguhetjunnar en getur líka komið að gagni í sjálfsvinnu einstaklinga, þeirra sem vilja kannski skrifa sína eigin hetjusögu.



Björg að útskýra ferð hetjunnar.

Í lok samtalsins við Björgu Árnadóttur hvarflar að manni að við þurfum öll kannski að skrifa okkur eigin hetjusögur, stundum með því að fara í formlegt nám eða á námskeið en stundum með því að taka áhættu og leggja á djúpið. /Bþþ

Innra starf Símenntunar

Símenntun hefur rýnt allt sitt gæðastarf og verið með í endurskoðun og uppfærslu bæði upplýsingahögun og verkferla. Unnið er eftir samþykktri umbótaáætlun og verið er að setja upp rafræna gæðahandbók þar sem allt skipulag gæðamála er vistað á aðgengilegan máta. Markmiðið er að allt gæðastarf verði sýnilegt og vel aðgengilegt.

Starfsfólk – fyrirtækjaheimsóknir og símenntun

Það er alltaf skemmtilegt en ekki síður gagnlegt að heimsækja aðrar símenntunarmiðstöðvar og fræðast um þeirra starf. Á árinu 2022 heimsóttum við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og fengum góðar móttökur og styrktum tengslanetið.

Alþjóðleg ráðstefna um raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjafar Símenntunar tóku þátt í alþjóðlegri ráðstefnu sl. um raunfærnimat 19. - 20. maí 2022. Um er að ræða ráðstefnuna VPL Biennale (VPL stendur fyrir Validation of prior learning) og var þessi sú fjórða í röðinni. Hún var í umsjón Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á Íslandi, fór fram í Reykjavík og bar yfirskriftina „Að byggja upp sameiginlegan grunn“.

Þemu ráðstefnunnar þetta árið voru:

- Raunfærnimat og atvinnulífið
- Raunfærnimat og nám/þjálfun
- Raunfærnimat og félagsleg sjálfbærni
- Raunfærnimat og persónuleg þróun



Guðrún Vala og Sólveig náms- og starfsráðgjafar á Raunfærniráðstefnunni.

Þá var leitast við að svara spurningunni: **Hvernig getur raunfærnimat orðið órjúfanlegur hluti framkvæmdar og stefnumörkunar til að styðja við símenntun?**

Jafnframt voru kynntar nýjar rannsóknir í raunfærnimati.


Markaðsmál – nýtt merki og nýr vefur

Árið 2022 fór Símenntun á Vesturlandi í mikla vinnu hvað varðar einkenni og ásýnd stofnunarinnar. Í byrjun árs var gerður samningur við Dagbjörtu Dúnu Rúnarsdóttur um að gera þarfagreiningu á þáverandi vef; simenntun.is. Í þarfagreiningunni fór hún yfir allt efni á vefnum, uppsetningu og aðgengi út frá notendaupplifun og upplýsingaarkitektúr. Vinnan stóð frá janúar og fram í apríl og voru allir starfsmenn og nokkrir verktakar virkjaðir sem stýrihópur í verkefninu.

Afurð þarfagreiningarinnar var kröfúlýsing þar sem útlistað var nákvæmlega hvaða kröfur ætti að gera um virkni, útlit og efnisinntak nýs vefs fyrir Símenntun á Vesturlandi til þess að auka og einfalda aðgengi að helstu upplýsingum sem leitað er eftir á vefnum.

Í beinu framhaldi af þessari vinnu var leitað eftir vefhönnuði til þess að setja upp nýjan vef í samræmi við kröfúlýsinguna. Sigurður Sigbjörnsson var fenginn í verkið og tók hann einnig að sér að endurhanna einkennismerki Símenntunar. Sá hluti verkefnisins stóð fram í nóvember en nýr vefur var settur í loftið um miðjan mánuðinn og farið var að nota nýtt merki og stílsnið á sama tíma. Með nýju merki fylgdi einnig handbók um rétta notkun, leturgerð, liti og samsetningar sem eiga að vera gegnumgangandi í öllu okkar efni.

Samhliða þessu ferli var einnig gerð formleg nafnabreyting á stofnuninni. Ekki er lengur talað um Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi heldur Símenntun á Vesturlandi. Símenntun hefur lengi verið notað, samanber vefinn okkar simenntun.is, svo umskiptin hafa gengið vel fyrir sig og hefur smátt og smátt hefur náðst að skipta út nafni og merki á flestum þeim stöðum sem fjallað er um stofnunina á vefmiðlum.



Nýtt útlit á vef Símenntunar endurspeglar ásýndina en er einnig afar notendavænt með skýrum leiðum að helstu upplýsingum.



Merkið tók miklum breytingum og er mun einfaldara í útliti og sérstaklega hannað til að koma vel út á ýmsum vefmiðlum og á prenti.



Fáðu þína reynslu, þekkingu og færni metna inn í almenna skólakerfið

Komdu í raunfærnimat!

- Félagsliði
- Kerfisstjóri
- Leikskólaliði
- Verslunarfulltrúi
- Störf í þróttahúsi
- Almenn starfshæfni
- Búfræði
- Stuðningsfulltrúi

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR
Steinar Sigurjónsson | Náms- og starfsráðgjafi
Sími 437 2392 | steinar@simenntun.is



**Símenntun
á Vesturlandi**

*Hægt er að gera fjölbreyttar
auglýsingar og kynningarefni.*



Raunfærnimat í búfræði

í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands

Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunverulegri þekkingu og færni einstaklings óháð því hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað.

Niðurstöður raunfærnimats eru m.a. nýttar til að stytta nám í amlenna skólakerfinu eða sýna fram á og auka færni á vinnumarkaði.

Kynntu þér málið á www.simenntun.is



Símenntun á Vesturlandi
Fagmennska • Sveigjanleiki • Framsækni

Viðmiðin í stílsniðinu gefa samræmda ásjón.

Gildi Símenntunar á Vesturlandi

Í tengslum við skoðun á markaðsstarfi og almennri starfsemi Símenntunar fór starfsfólk í gildavinnu. Gildin eiga að endurspeglar það sem stofnunin stendur fyrir, það sem tengir starfsfólk, nemendur, ráðþega og viðskiptavinum saman.

Gildin sem starfsfólk valdi eru **fagmennska - sveigjanleiki - framsækni**.

Skjalastjórnun

Á árinu var farið í að endurskipuleggja varðveislu skjala og gagna og búa til svokallaða vefgátt fyrir starfsfólk. Einnig er unnið að því að setja gæðahandbók Símenntunar á veflægt form, þannig að allar upplýsingar séu aðgengilegri og starfsfólk meðvitaðra um öll gæðaviðmið í daglegu starfi. Auk þess er unnið að því að tengja vinnugáttina við Teams og Planner og skilgreina betur hvaða gögn eru geymd hvar. Símenntun hefur notað Office 365 í nokkur ár og gefist vel, en í þeim pakka eru fjölmörg verkfæri sem hægt er að nýta betur í starfinu.

Bókhald

Símenntun hefur undanfarið unnið markvisst að því að minnka pappírnotkun í bókhaldi. Allir reikningar sem félagið sendir frá sér eru eingöngu á rafrænu formi, auk þess sem stór hluti reikninga sem móttækinn er kemur í gegnum svokallaða skeytamiðlun. Önnur gögn hafa verið skönnuð inn og vistuð á innan bókhaldskerfis, auk þess sem krafa um rafrænt form reikninga hefur verið bætt í verktakasamninga. Verkerlar við bókhald hafa verið endurskoðaðir og breytt á þá leið að þeir samrýmist betur þeim vinnubrögðum sem beitt er við rafrænt bókhald.

Viðtal við Ingibjörgu Önnu Björnsdóttur iðjubjálfa á Fellsenda

Fellsendaskólinn

Þegar ekið er niður Bröttubrekku úr suðurátt er fyrsti áfangastaður hinir svonefndu Suðurdalir í Dölum, syðsti hluti Dalanna. Þar er jörðin Fellsendi sem hýsir hjúkrunarheimilið Fellsenda. Þar eru tæplega þrjátíu vistmenn og um fjörutíu starfsmenn koma að starfseminni, í mismunandi starfshlutföllum

Upphaflega var stofnað til heimilisins af Finni Ólafssyni, stórkaupmanni sem gaf jörð sína, Fellsenda, í þessum tilgangi. Finnur stofnaði í þessu skyni sjóð til minningar um foreldra sína og stóð til í upphafi að Fellsendi yrði elliheimili fyrir aldraða Dalamenn. En aðstæður höguðu því þannig að horfið var frá þeirri stefnu og Hjúkrunarheimilið Fellsendi hefur sérhæft sig í aðhlynningu aldræðs fólks með alvarlega geðsjúkdóma. Vistmenn koma alls staðar af landinu og eru á ýmsum aldri. Fellsendi er sjálfseignarstofnun en starfsemin er rekin með daggjöldum frá ríkinu.

Það gefur auga leið að starfsemi af þessu tagi krefst mikillar fagmennsku af hálfu starfsfólksins enda fá vistmenn mikinn stuðning og góða umönnun. Þessir starfsmenn þurfa símenntun og fræðslu á sínu sviði. Ingibjörg Anna Björnsdóttir, iðjubjálfi á Fellsenda, svaraði góðfúslega nokkrum spurningum um það hvernig símenntunarmálin hafa verið leyst hjá þeim undanfarið ár.

Ingibjörg Anna, eða Bjögga eins og hún er alltaf kölluð, hefur starfað sem iðjubjálfi við Fellsenda frá árinu 2011 og segir frá því að í upphafi hafi starfsfólkið sjálft fundið þörf fyrir aukna fræðslu. Helga Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og reksturs á Fellsenda og yfirmaður heimilisins, fór þá að kanna möguleikana. Styrkur fékkst frá heilbrigðisráðuneytinu og fræðslan hófst í lok árs 2021. Samið var við ýmsa aðila, m.a. Símenntun á Vesturlandi sem tók að sér gerð fræðsluáætlunar í gegnum verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ en fengnir voru fyrirlesarar og leiðbeinendur úr ýmsum áttum.



Ingibjörg Anna Björnsdóttir.

Fljótlega var ákveðið að nefna þetta fræðsluátak því stórgóða nafni Fellsendaskólann.

Á meðal þess sem boðið var upp á var námskeið um starfsánægju, samskipti og samstarf til að þjappa starfsmannahópnum saman, þar var leiðbeinandi Aldís Arna Tryggvadóttir frá Heilsuvernd en einnig var boðið uppá fræðslu um geðsjúkdóma, skyndihjálp og líkamsbeitingu.

Þá kom Jón Snorrason, sérfræðingur í geðhjúkrun, með fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við krefjandi hegðun skjólstæðinga. Önnur viðfangsefni á fyrsta ári Fellsendaskólans voru meðhöndlun matvæla, þrif og smitleiðir fyrir starfsfólkið í eldhúsinu, grunnatriði í hugrænni atferlismeðferð og starfstengd íslenska fyrir erlenda starfsmenn.

Skipulagið

Bjögga var spurð út í fyrirkomulag námskeiðanna, hvar hafi verið kennt, hvenær og svo framvegis. „Námskeiðin voru flest öll tvíkeyrð til þess að vaktavinnufólk hefði tök á að mæta í annan hvorn tímann.“, sagði hún. „Það hefur einungis eitt námskeið verið skyldumæting og var það skyndihjálpin sem verður fastur liður á 2ja ára fresti hjá okkur.“

Bjögga segir að öll námskeiðin hafi verið haldin á Fellsenda eða í nágrenni þess. “Við leigðum t.d. sal í Félagsheimilinu Árbliki (Sælu-reiturinn Árblik) sem nýttist okkur mjög vel fyrir bæði skyndihjálpinu, fyrirlesturinn hans Jóns Snorrasonar og Hugrænu atferlismeðferðina.”

Öll námskeiðin voru 1,5 - 3 klst. að lengd.

Flest námskeiðin gengu mjög vel og starfsfólk var virkilega ánægt með þau, að sögn Bjögg. Helstu erfiðleikarnir hafi verið með bóklega hluta skyndihjálparinnar þar sem það þurfi að gera þetta á netinu og vefsíða Rauða krossins var ekki alveg að vinna með þeim á tímabili og því tók aðeins á taugarnar að koma fólki í gegnum þann hluta. “En allt er gott sem endar vel.”, segir Bjögga. Og aðspurð um frekari hindranir eða erfiðleika í ferlinu bætti hún við gamalkunnu stefi: “Annað sem okkur finnst vera hindrun er að það er í raun alltaf sami hópurinn sem mætir á námskeiðin og við erum að reyna að finna út úr því hvernig við leysum þau mál. Hvers vegna sumir mæti helst ekki á námskeið o.s.frv.”

Ég tek loforð af Bjögg um að láta okkur hin vita þegar þau hafa fundið lausn á þessum vanda!

Hvað er framundan?

En hvernig verður framhaldið og kannski fyrst: verður framhald? „Já!“ svarar Bjögga. „Fellsendi fékk áframhaldandi styrk og við höldum því ótrauð áfram. Um þessar mundir erum við að vinna í að koma á samstarfi við ýmsa aðila fyrir næstu námskeið.”



Fellsendi í Dölum

Þau á Fellsenda eru líka að bæta við möguleikum því um þessar mundir er verið að setja námskeið inn á LearnCove svo starfsmenn geti horft á netinu þegar þeim hentar. Nú þegar eru komin inn 4 námskeið og mun þeim síðan fjölga. Þau vonast til að geta boðið sínu fólki upp á netnámskeið (sem hægt er að horfa á aftur og aftur) þegar starfsfólkinu hentar.

Næst á dagskrá eru svo námskeið um þrýstingssáravarnir, sár og sárameðferðir sem og hóp-epli. Einnig er verið að skoða með áframhaldandi íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn.

Við þökkum Bjögg kærlega fyrir spjallið og segjum skilið við Fellsenda að sinni. Það er ljóst að Fellsendaskólinn er kominn á fljúgandi siglingu og byrjar sitt annað skólaár af krafti. /BDD



Frá Fellsenda

Kennslu- og nemendabókhaldskerfi

INNA

Allar símenntunarmiðstöðvarnar eru með nemendabókhaldskerfið INNU, en þetta kerfi er einnig í öllum framhaldsskólum landsins. Allar vottaðar námsleiðir, sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, niðurstöður úr viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa og niðurstöður raunfærnimats auk stakra námskeiða og áfanga eru skráðar í INNU.

LearnCove

Símenntun tók upp kennslukerfið LearnCove á árinu. Um er að ræða íslenskt kennslukerfi sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að bjóða upp á fræðslu sem er aðgengileg þegar starfsfólki hentar. Með innleiðingu LearnCove ætlar Símenntun bæði að aðstoða fyrirtæki og stofnanir að bjóða upp á rafræna fræðslu í auknum mæli en einnig að bjóða nemendum sínum upp á aukið úrval af rafrænni fræðslu. Þannig munu fyrirlestrar og námskeið vera tekin upp, sett inn á LearnCove þar sem nemendur geta hlustað á fyrirlestra og unnið verkefni þegar þeim hentar og býður þetta því upp á aukinn sveigjanleika fyrir alla.

Á árinu aðstoðaði Símenntun Dvalarheimilið Fellsenda við að setja upp Fellsendaskólann í LearnCove-kerfið og eru starfsmenn þar að byrja að sækja þá fræðslu sem búið er að setja þar inn. Fleiri fyrirtæki og stofnanir á starfssvæði Símenntunar eru í ferli að taka upp kerfið.


Símenntun er ekki fyrsta símenntunarmiðstöðin á landinu til að taka upp LearnCove og von okkar að þetta ágæta kennslukerfi gefi enn frekari möguleika á samvinnu milli símenntunarmiðstöðva um allt land.

Fyrir þá sem vilja kynna sér LearnCove frekar er heimasíðan www.learncove.io

Starfsemin í tölum

Reksturinn


Símenntun á Vesturlandi er stofnun sem er ekki hagnaðardrifin (e. non-profit). Símenntun er á fjárlögum auk þess sem verkefnatengt rekstrarfé kemur frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Þetta tvennt er stærsti hlutinn í rekstrinum og hefur verið á bilinu 62-64% síðustu þrjú ár. Tekjur vegna erlendra verkefna teljast til styrkja sem og fjármagn sem kemur frá Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með fötlun og í íslensku fyrir útlendinga. Auk þess koma tekjur í gegnum sérverkefni, s.s. vegna fræðslugreininga og námskeiðahalds fyrir atvinnulífið og almenning.






Tekjur



Útgjöld





Skipting tekjuliða 2020-2022




Tölfræði


Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og námsleiðum árið 2022 var talsvert meiri en á árinu 2021. Hins vegar jókst ekki fjöldi kennslustunda og nemendastunda milli ára. Að hluta til skýrist það af því að mörg stutt námskeið voru í boði árið 2022 og mikill fjöldi sem sótti þau. Önnur skýring er líka sú að það á einnig eftir að bæta tölfræði vinnslu varðandi rafræna fræðslu en líklega er ákveðin vantalning þar sem væntanlega verður hægt að bæta úr fljótlega. En aukning á fjarkennslu og fjarráðgjöf ef út í það er farið, er líklega breyting sem komin er til að vera enda hefur það mælst vel fyrir og hentar vel á starfssvæði Símenntunar þar sem dreifbýli er talsvert.



Heildarfjöldi kennslustunda 2017-2022



Heildarfjöldi nemendastunda 2017-2022



Þjónusta við fjarnema

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist mjög síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana eins og kemur m.a. fram í spjalli hér í blaðinu við Ingu Gestsdóttur, umsjónarmann fjarprófa á Akranesi. Flestir þeir nemendur sem nýta sér þjónustuna eru í námi við háskólana á Íslandi en einnig í Keili, Endurmenntun HÍ, Opna háskólanum o.fl. Nemendurnir taka próf í húsnæði Starfsendurhæfingar á Akranesi þar sem Símenntun leigði aðstöðu, í Borgarnesi, Áttthagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskólanum í Stykkishólmi og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Árið 2022 voru tekin um 520 próf í umsjón Símenntunar á Vesturlandi á þessum sex stöðum og prófin voru alls frá níu skólum. Prófin hafa verið gjaldfrjáls fram að þessu fyrir nemendur en stjórn Símenntunar ákvað sl. haust að breyta því. Tekin var upp gjaldskrá fyrir þessa þjónustu frá og með 1. september 2022. Stuðst var við gjaldskrá Háskólafélags Suðurlands, sjá hér:

[Nemendapjónusta - Háskólafélag Suðurlands](https://hfsu.is) > (hfsu.is)



Viðtal við Ingu Gests verktaka hjá Símenntun

Tíu ára prófatörn Ingu

Inga Gestsdóttir, verktaki hjá Símenntun, hefur, allar götur frá árinu 2013, haft umsjón með prófum fyrir fjarnema á Akranesi. Það eru því komin tíu ár hjá henni í þessum bransa. Nemendurnir sem taka próf hjá henni koma flestir frá Háskólanum á Akureyri en líka Háskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og nokkrir frá Hólum og Keili.

Inga segir að þetta hafi aukist gífurlega síðustu tvö, þrjú ár: „Þetta eru fyrst og fremst jólaþróf og vorþróf en líka svokallaðir símatsdagar sem geta verið á miðri önn. Ofan á þetta bætast svo sjúkraprófin. Sem sagt, alltaf eitthvað smá mjaatl, kannski svona þrjá, fjóra daga á mánuði fyrir utan jól og vorþróf. Aðaltörnin er samt jólaþrófin í nóvember til janúar og svo vorþrófin í Háskólanum á Akureyri í maí.“

Það er ekki bara ein námsgrein í gangi, prófað er á sama tíma í mörgum námsgreinum, 10-15 kannski. Próftakar eru nemar í heilbrigðisvísindum frá HA, hjúkrunarfræði, sálfræði, og ýmsum tegundum hjúkrunar. Frá HÍ eru það mest nemendur í viðskiptafræði og hjúkrunarfræði.

Prófin fara nær eingöngu fram í tölvum og nemendur koma með sínar eigin. Inga er með lykilorðin. Einstaka grein þarf skrifleg próf, s.s. eðlisfræðin.

Hvaðan koma nemarnir? „Akranesi og nágrenni. Fyrstu árin komu líka margir úr Hafnarfirði en þá hafði það spurst út að hjá Ingu væri gott að vera og hafnfirsku nemendurnir sem voru eitthvað óánægðir með aðstöðuna í Firðinum, flyktust því uppá Skaga.

Prófað er á fleiri stöðum í fjórðungnum, Borgarnesi, Búðardal og á Snæfellsnesi. Þetta er frábær þróun að mati Ingu, opnar möguleikann á námi enda margir að nýta sér þetta og skella sér í fjarnám.

Mest hafa verið 24 nemendur að taka próf í



Inga Gests.

einu – og Inga ein með umsjónina. Próf standa yfir allan daginn, þau fyrstu byrja kannski 9 og því síðasta lýkur kl. 17. Inga sjálf er þó lengur á svæðinu. Mögulegt er að lengja próftímann sem lengir daginn þá sem því nemur fyrir hana. Það gefur að skilja að það er mikið álag á löngum prófdögum. Þetta eru kannski svona tvær vikur með mjög miklu álagi – tarnir.“

En hvað gerir umsjónarmaður fjarprófa? „Hennar starf hefur verið að skipuleggja dagana, taka niður fjölda nema o.s.frv. Svo merkir hún við hverjir

eru mættir og reyndar getur verið alls konar vinna við skráningu. Þegar prófin eru byrjuð tekur við yfirsetan.

Tilhlökkun eftir nýju aðstöðunni

Það er ekki annað hægt en að spyrja Ingu hvort hún hafi einhvern tíma þurft að sussa á fólk? „Jú, það hefur svo sem komið fyrir en allt eins á fólk fyrir utan prófstaðinn. Hljóð frá umferðinni hafa stundum truflað en þá býður Inga nemendum upp á eyratappa. Allt hluti af þjónustunni.“

Koma nemendur með kaffi og nesti með sér?

„Nesti já,” svarar Inga, „en kaffi er í boði hér. Og kannski eitthvað með, stundum mandarínur.” Eyrnatappar og mandarínur. Maður er nú farinn að skilja Hafnirðingana aðeins betur.

Hvernig kom það til að þú fórst í þetta? „Það var bara óvart,” segir hún. „Það vantaði einhvern til að leysa af og ég sló bara til. Hef verið í þessu síðan og þetta er það sem ég geri.“

Hefurðu séð breytingar á þessum tíu árum sem þú hefur unnið við þetta? „Já, segir Inga. „Tvímælalaust. Fyrst var þetta miklu einfaldara, bara skrifleg próf. Ég sat bara yfir og svo tók annar starfsmaður við prófunum.” Seinna bættist við hennar starf, auk yfirsetunnar þurfti hún að skanna prófúrlausnirnar og senda á skólana. Í dag er þetta allt rafrænt, þ.e. vefbundin próf en hún þarf reyndar enn að skanna mætingalistana og senda.

Er þetta erfitt? „Ég er oft þreytt eftir langa daga, kannski 10-12 tíma. En þetta er þó ekki erfitt, fólkið er mjög skemmtilegt og það er góð stemmning hjá okkur.“

Hefur komið upp svindl? „Nei,” segir Inga. „Enginn hefur svindlað hjá henni en í háskólunum hefur í gegnum tíðina eitthvað slíkt gerst og þá hefur þurft að herða reglur.“

Þegar hún er spurð að því hversu lengi hún ætli að halda áfram í þessu, svarar Inga að hún sé nú orðin 66 ára en: „Ég verð lengur. Eftir sl. desembertörn var ég þó nokkuð þreytt en nú er von á nýrri aðstöðu og ég hlakka til að vera þar.” Hún þekkir muninn á því að vera á hrakhólum og að hafa eigið húsnæði undir starfseminu. Undanfarið áreða lengur hefur aðstöðuleysi flækt málin, það hefur vantað húsnæði en Símenntun hefur fengið inni hjá Starfsendurhæfingu Vesturlands. Hún er þakklát fyrir það og ánægð með samstarfið en það hefur kallað á heilmikið púsl, eðlilega. Þar er engin föst aðstoð, þó allir séu boðnir og búnir að hjálpa.

„Það verður allt annað líf,” segir Inga Gestsdóttir að lokum. Nú er komið fram í mars og styttest í vorprófin. Við vonum að ósk hennar um nýtt og betra húsnæði rætist fljótlega svo hún geti farið að stilla upp borðum og hella uppá kaffi fyrir nemendurna. Og kannski keypt eitthvað af mandarínur. /BÞÞ

Samstarfsaðilar

Formlegir samstarfsaðilar

Símenntun á Vesturlandi er með þjónustusamninga við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmenn - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Símenntun var áður með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið en á árinu 2021 voru gerðar stjórnsýslubreytingar. Framhaldsfræðslan var færð undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið sem Símenntun hefur nú samning við. Í samningnum kemur fram að Símenntun skuli vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna. Námsþjónustan, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi við meðal annarra Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Enn fremur kemur fram að Símenntun skuli vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu á Vesturlandi vegna framhaldsfræðslu og veita nemendum á öðrum skólastigum þá þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.



Starfsfólk Soffaníasar Cecílssonar í Grundarfirði á kynningu vegna raunfærnimats í fisktækni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins (fjr) og er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja eigenda í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru framkvæmdaraðilar á sviði fullorðinsfræðslu sem sinna fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimati markhóps framhaldsfræðslunnar.

FA þróar aðferðir og verkfæri sem styðja samstarfsaðila við að veita markhópnum þá þjónustu sem þörf er á til að auka tækifæri þeirra í námi og störfum.

Allir samstarfsaðilar FA eru viðurkenndir fræðsluaðilar skv. lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Þeir hafa allir hlotið EQM/EQM+ gæðavottun.

www.frae.is

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni.

Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunar-reglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntun sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunar 2021 og 2022:

Umsóknir SMV	Úthlutað 2021	Úthlutað 2022
Vottaðar námsleiðir	22.933.000	22.211.000
Náms- og starfsráðgjöf	8.392.000	8.274.000
Raunfærnimat	8.210.000	10.149.000

Ársskýrslu Fræðslusjóðs og upplýsingar um úthlutanir hans til allra símenntunarmiðstöðva má [nálgast hér >](#)

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Símenntun hefur hlotið styrki úr þessum sjóði, síðast 2019.

[Upplýsingar um úthlutanir og úthlutunarreglur má nálgast hér >](#)

Nám er tækifæri

Til að auka virkni og menntun atvinnuleitenda var stofnað til átaksins „Nám er tækifæri“ og sett inn bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar þar sem félagsmálaráðherra var heimilað að skilgreina námsbrautir í reglugerð:

- Námsbrautir í starfs- og tækninámi í framhaldsskóla á 3. hæfnisprepi og ofar, sem eru lánshæf hjá Menntasjóði námsmanna. Í 3. gr. reglugerðarinnar eru 101 braut tilgreind og heimild til að fjölga ef fleiri verða staðfestar.
- Námsbrautir í starfs- og tækninámi í framhaldsskóla á 1. og 2. hæfnisprepi ásamt vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Í 4. gr. reglugerðarinnar eru 17 brautir tilgreindar og heimild til að fjölga ef fleiri verða staðfestar.
- Í háskólum eru brautir sem falla undir fræðasvið starfs- og tæknináms ásamt heilbrigðis- og kennaranámi.
- Aðfaranám í háskóla, sem skipulagt er í samstarfi við háskólana.

Í gegnum átakið var einnig veitt fjármunum til að auka þjónustu við innflytjendur, s.s. að:

- Þróa raunfærnimat fyrir innflytjendur til að fyrra nám og reynsla þeirra nýtist betur á vinnumarkaði.
- Samræma íslenskukennslu fyrir útlendinga og betra aðgengi að stöðumati í íslensku út frá Evrópska tungumálarammanum.

Auk þessa fengu símenntunarmiðstöðvarnar aukið fjármagn til að bjóða upp á raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur og var þá ekki einungis miðað við markhóp framhaldsfræðslunnar, heldur stóð þjónustan öllum til boða óháð menntunarstigi.

Símenntunarmiðstöðin var með tvær námsleiðir á vorönn 2022 sem voru fjármagnaðar í gegnum þetta átak, en það voru Stökkpallur sem kenndur var á pólsku og Uppleið – hugræn atferlismeðferð.

Nám og þjónusta fyrir flóttafólk

Á vordögum var ljóst að fjöldi fólks frá Úkraínu í leit að vernd hérlandis væri kominn á Vesturland. Borgarbyggð tók á móti fólki í tímabundið búsetuúrræði á Bifröst og var Símenntun frá upphafi aðili að verkefninu. Gerður var samningur við Borgarbyggð um náms- og starfsráðgjöf fyrir fólkið, aðstoð við atvinnuleit og við öflun atvinnuleyfa hjá fyrirtækjum. Enn fremur var samstarf við Vinnumálastofnun um að bjóða upp á námskeið s.s. í íslensku og samfélagsfræðslu. Þar fyrir utan var námskeiðið [Landneminn](#) kennt, og þá ráðinn túlkur til aðstoðar. Þrír leiðbeinendur á vegum Símenntunar fengu þjálfun í að kenna námskeiðið. Námsefnið er aðgengilegt á vefnum Landneminn en Vinnumálastofnun var á sínum tíma falið að sjá til þess að búið væri til heildrænt kennslufni í samfélagsfræðslu. Gerð námsefnis var á höndum Mímis símenntunar.

Tilgangur og markmið samfélagsfræðslunnar er:

- Að öðlast þekkingu á mikilvægum sögulegum, félagslegum, efnahagslegum, menningarlegum, lagalegum og pólitískum aðstæðum á Íslandi – og að þeir geti tjáð sig um þessar aðstæður.
- Að tileinka sér þekkingu um eigin réttindi, tækifæri og skyldur í íslensku samfélagi – og hvernig þeir geta notað þessa þekkingu í daglegu lífi.
- Að geta tjáð sig og fjallað um grundvallar gildi og áskoranir í íslensku samfélagi. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi – og að þeir geti rætt sínar eigin skoðanir á slíkum málefnum.



Frá útskrift íslenskunema í hópi flóttafólks.

Verkefni Símenntunar á Vesturlandi

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá Símenntun á Vesturlandi hefur náms- og starfsráðgjöf verið í boði fyrir fullorðna einstaklinga allt frá árinu 2006. Síðan þá hefur umfang ráðgjafarinnar styrkst og aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Ávallt hefur verið lögð áhersla á gagnreynda og hlutlausa ráðgjöf sem beinist einna helst að markhópi Símenntunar; fullorðnum einstaklingum með litla formlega menntun að baki skv. lagalegri skilgreiningu laga um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Lögð hefur verið áhersla á að kynna þjónustuna vel og ná til markhópsins; fræða hópinn um hvað stendur þeim til boða þannig að sem flestir sjái sér hag í því að nýta sér þjónustuna.

Helsta markmið náms- og starfsráðgjafar er að efla sjálfsþekkingu og vitund einstaklinga, aðstoða þá við að bera kennsl á og virkja styrkleika sína út frá áhugasviði og gildum, hjálpa þeim að takast á við breytingar eða hindranir á starfsferli og taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi eigin náms- og starfsferil. Liður í ráðgjöfinni er að tengja saman áhuga við tiltekið nám eða starf, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, leiðbeina og ráðleggja um atriði er varða færnimöppu, ferilskrágerð og atvinnuleit, veita persónulega handleiðslu um hluti er varða nám og störf, veita eftirfylgni o.fl. Þá felst starfið einnig í að hafa samskipti við ólíka samstarfsaðila og halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.



Steinar Sigurjónsson, náms- og starfsráðgjafi

Í gegnum tíðina hefur náms- og starfsráðgjöfin að mestu farið fram á starfsstöðvum Símenntunar á Vesturlandi. Til að ná til enn fleiri aðila á svæðinu hefur rafræn ráðgjöf einnig staðið ráðþegum til boða og hefur henni verið beitt með markvissum hætti; bæði til að auka við þá þjónustu sem Símenntun veitir og til að koma betur til móts við þarfir ráðþega á Vesturlandi. Kostir rafrænnar ráðgjafar eru að aðgengi er óháð búsetu og þá getur einnig sparast bæði tími og kostnaður. Gallarnir geta birst í því að ráðgjafarsambandið verður ekki eins náði og erfitt getur reynst að skapa traust. Eins getur rafræn ráðgjöf reynst flókin fyrir þá sem eru ekki tæknivæddir. Flestir ráðþegar kjósa að hitta ráðgjafa í eigin persónu.

Símenntun hefur alltaf lagt mikið upp úr góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og almennt hafa atvinnurekendur séð sér mikinn hag í því að vera í samstarfi við okkur. Náms- og starfsráðgjöf hefur einnig farið fram í fyrirtækjum og þá í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki. Dæmi um mikilvæga samstarfsaðila Símenntunar eru: Vinnumálastofnun á Vesturlandi, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing Vesturlands, deildir Rauða krossins, endurmenntunardeildir háskólanna og framhaldsskólar.

Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá Símenntun stendur ávallt til boða að bóka ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Símenntunar. Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru án undantekninga þarfir ráðþega, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta einstaklingum á þeirra forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjöldmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði til þess að fólk fari t.d. í raunfærnimat, nám, ljúki námi, finni starf við hæfi, breyti um stefnu á starfsferli o.s.frv.

Innflytjendur og flóttafólk eru sífellt að verða stærri hluti markhóps Símenntunar og hefur Símenntun í gegnum tíðina verið leiðandi í að nálgast innflytjendur og flóttafólk með náms- og starfsráðgjöf og eykst hlutfall þeirra af heildarþjólda ráðþega jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöf kann að reynast innflytjendum og flóttafólki gagnleg við ýmislegt; s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á reynslu, áhuga, færni og menntun sem getur verið hvatning til frekari starfsþróunar og tækifæra í nýju landi. Í vinnu með innflytjendum og flóttafólki er hugað vel að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu, og færni. Í því skyni er t.d. athugað hvort þessir einstaklingar geti fengið fyrra nám og starfsréttindi metin og yfirfærð frá heimalandi sínu. Einnig geta innflytjendur og flóttafólk fengið einstaklingsbundna aðstoð við gerð færnimöppu, ferilskrár og aðstoð við gerð kynningarbréfa og umsókna svo eitthvað sé nefnt.

Hjá Símenntun á Vesturlandi er alltaf hægt að panta viðtal eða ráðgjöf við náms- og starfsráðgjafa í gegnum nýjan vef Símenntunar, með tölvupósti eða hringja og óska eftir viðtali og ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði

Heildarfjöldi viðtala	2022
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	601

Kyn	2022
Karl	280
Kona	321
Alls	601

Menntunarstig	2022
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	423
Grunnskóli	81
Háskólapróf	25
Iðnmenntun	13
Starfsmenntun - minna en tvö ár	14
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	34
Stúdentspróf	11
ALLS	601

Aldursbil	2022
25 ára og yngri	73
26 - 35 ára	200
36 - 45 ára	145
46 - 55 ára	103
56 ára og eldri	80
ALLS	601

Viðtalstegund	2022
Hópráðgjöf	115
Hvatningarviðtal	37
Ráðgjafarviðtal	449
ALLS	601

Staða á vinnumarkaði	2022
Annað	173
Atvinnuleitandi	203
Hlutastarf og hlutabætur	22
Í námi	4
Í starfi	159
Starfsendurhæfing	38
Öryrki	2
ALLS	601

Ástæða viðtals	2022
Að eigin frumkvæði	214
Boðun í viðtal vegna VMST	172
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	77
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	20
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	14
Skimun í raunfærnimat	41
Stuðningur í matssamtali	62
Tilvísun frá VIRK	
endurhæfingarsjóði	1
ALLS	6

Ríkisfang	2022
Ísland	298
Úkraína	161
Pólland	54
Aðrar þjóðir	88
ALLS	601

Í fyrsta sinn eru ráðþegar af erlendum uppruna fleiri en Íslendingar eða orðnir 50,5% og munar þar mestu um fólk frá Úkraínu. Fjölgunin er enn fremur vegna innflytjendaverkefnis Símenntunar og er í takt við aukningu erlendra íbúa á landsvísi. Á árinu 2021 var hlutfallið 35%.

NýVest

Nýsköpunarnet Vesturlands var stofnað í byrjun apríl og er Símenntun einn af stofnfélögum. NýVest mun tengja saman þá aðila sem vinna að nýsköpun á Vesturlandi og efla þau nýsköpunarsetur og samvinnurými sem eru að stíga sín fyrstu spor í flestum sveitarfélögum á Vesturlandi. Um [Nývest – Nýsköpunarnet Vesturlands](#) >

Gleipnir

Stofnfundur Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi ses. var haldinn í Háskólanum á Bifröst þriðjudaginn 10. maí og er Símenntun einn af stofnaðilum. Markmiðið með stofnun Gleipnis er að skapa umhverfi fyrir samvinnu, þróun og miðlun ólíkrar þekkingar á sviði rannsókna, nýsköpunar og sjálfbærni með það að leiðarljósi að styrkja samkeppnisstöðu íslensks samfélags, efla atvinnu og byggðapróun og auka lífsgæði í landinu.

[Gleipnir](#) - Nýtt nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi stofnsett >

Tæknilæsi 60+

Í febrúar 2022 gerði Símenntun samning til eins árs við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um skipulagningu og kennslu fjórtán námskeiða í tæknilæsi fyrir eldra fólk á Vesturlandi (60 ára og eldri). Hvert námskeið er átta klukkustundir í staðnámi. Námskeiðið miðaðist við að kennt yrði fjórum sinnum, tvær klukkustundir í senn. Flest námskeiðin voru kennd tvisvar í viku en einnig voru námskeið kennd fjóra daga í röð í einni viku. Miðað var við að um mjög einstaklingsmiðaða kennslu yrði að ræða og aðeins 8 þátttakendur kæmust að í hvert námskeið.

Kennslan hófst 9. febrúar og á árinu voru alls haldin 9 námskeið af þeim 14 sem lagt var upp með. Hin fimm voru svo haldin snemma árs 2023 og lauk í febrúar. Alls tóku 72 einstaklingar á aldrinum 60-92 ára þátt í námskeiðum ársins. Meðalaldur var 75,3 ár og voru konur í meirihluta þátttakenda, eða 48, á móti 24 karlmönnum. Covid-19 hafði nokkur áhrif og varð til þess að fólk missti af námskeiðum sem það hafði skráð sig á. Á flestum námskeiðum var biðlisti og því var hægt að taka fólk inn á námskeiðin á síðustu stundu. Raunar fór það svo að í lok námskeiðahaldsins var fleira fólk leyft að sitja námskeiðin, allt að 12 manns, til að geta komið til móts við fleiri. Sem dæmi má nefna að yfir 20 einstaklingar sóttu um að komast á námskeið í Ólafsvík og í Borgarnesi var ákveðið að Borgarbyggð myndi greiða fyrir aukanámskeið fyrir þá sem ekki komust að á síðasta námskeiðinu.

Á námskeiðunum var þátttakendum kennt á ýmis grunnatriði tæknilæsis svo sem rafræn samskipti, netverslun og notkun rafrænna skilríkja. Eins var fjallað um samfélagsmiðla, þær hættur sem leynast við netnotkun og farið var í ýmsa þætti sem þátttakendur óskuðu eftir. Kynning á námskeiðunum var í flestum tilfellum unnin í samstarfi við félög eldri borgara á hverjum stað fyrir sig. Verkefnastjóri átti í afar góðum samskiptum við formenn og stjórnarfolk í félögum eldri borgara og telja má að þátttaka þeirra í verkefninu hafi tryggt þann mikla áhuga sem skapaðist. Alls staðar á Vesturlandi eru virkilega öflug félög eldri borgara og þar býr mikill mannauður sem mikilvægt er að fá að njóta sín.

Í lok námskeiðanna tóku þátttakendur kennslukönnun þar sem spurt var að ýmsu sem snéri að námskeiðunum. Skemmst er frá því að segja að nær allir þátttakendur voru afar jákvæðir og ánægðir með námskeiðið sem þeir sóttu. Því er óhætt að fullyrða að þetta námskeiðahald hafi heppnast mjög vel og vilji Símenntunar stendur til þess að auka námsframboð til handa eldri borgurum.



Frá einu tölvunámskeiðanna: Ívar Örn með nemendum sínum.

Viðtal við Mummu Lóa

leiðbeinanda og þátttakanda á námskeiðum Símenntunar


Báðum megin við borðið

Guðmunda Ólöf Jónasdóttir, fyrrverandi kennari í Grunnskólanum í Borgarnesi, er sennilega ein fárra sem hafa bæði verið þátttakandi á námskeiðum hjá Símenntun og líka verið leiðbeinandi, þó ekki á sama námskeiðinu. Guðmunda, eða Mumma Lóa, eins og flestir kalla hana, er leikskólakennari að mennt en starfaði lengi í Grunnskólanum í Borgarnesi og var sundþjálfari í Bolungarvík.

Á undanförunum misserum hefur hún verið með nokkur námskeið fyrir Símenntun, skriðsundsnámskeið fyrir byrjendur og námskeið fyrir fatlaða í Boccia og vatnsleikfimi. "Öll þessi námskeið gengu vel," segir Mumma Lóa, "það var gaman og mjög gefandi. Ég lagði samt áherslu á að starfsfólkið, sem var fólkinu til stuðnings á námskeiðinu, lærði aðferðirnar svo það gæti síðan haldið áfram." Það hefur síðan orðið raunin. En Mumma Lóa taldi sig líka sjálfa geta haft gagn af því að setjast á skólabekk því hún skellti sér á tölvunámskeið hjá Ívari Erni Reynissyni. Ívar var með fræðsluna Tæknilæsi 60+ sem eins og nafnið gefur til kynna snýr að tölvufærni fólks sem komið er yfir sextugt.

Hvernig fannst henni tölvunámskeiðið? Mumma Lóa segir það hafa verið virkilega gott og fjölbreytt. Hún hrósar Ívari leiðbeinanda í hástert. "Eftir þetta námskeið finnst mér ég hafa öðlast frelsi til að þora, ég velti hlutunum líka fyrir mér og hef meira sjálfstraust", segir hún og hún vonar svo sannarlega að fleiri slík námskeið verði haldin fljótlega.

Námskeiðið var haldið á mánudögum og fimmtudögum í tvær vikur, í tvo tíma í senn. Þetta fannst henni gott fyrirkomulag og mun betra en annað sem hún heyrði af þar sem kennt var t.d. mánudag til fimmtudags, á hverjum degi í beit. "Það munaði um þennan tíma sem leið á milli skipta, maður náði að melta þetta aðeins", segir Mumma Lóa.



Mumma Lóa.

Heldurðu að þú myndir fara á annað tölvunámskeið, kannski framhaldsnámskeið?

"Já, ég held ég gæti alveg hugsað mér það", svarar Mumma Lóa að lokum. Og hver veit nema hún verði bráðum aftur með sundnámskeið eða boccia? /Bbb



Mumma Lóa á leiðinni að Grettisbæli í Hítardal



Samningur við Ríkismennt

Í kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambandsins, sem gildir 2019-2023 var gerð eftirfarandi bókun: Samningsaðilar eru sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins. Ríkismennt, þróunar og símenntunarsjóður mun hafa veg og vanda af þessu verkefni, t.d með því að styrkja stofnanir í þessari vegferð og með tímabundinni fjármögnun til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum landsins. Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva myndu bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og kynna fyrir starfsmönnum þá kosti sem í boði eru.

Á árinu 2021 var undirritaður samningur milli Ríkismenntar og Símenntunarmiðstöðvarinnar sem byggir á þessari bókun. Flestir starfsmenn sem heyra undir þennan samning starfa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Vegagerðinni. Vinna samkvæmt þessum samningi hófst ekki á árinu 2022 vegna breytinga hjá Símenntun en verður fylgt eftir á árinu 2023.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi, metið til eininga eða til að sýna fram á færni á vinnumarkaði. Raunfærnimatið getur stytt nám, auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein til þess að öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og þriggja ára starfsaldri. Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni.

Samtals fóru 37 einstaklingar í raunfærnimat hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2022.

Raunfærnimat verslunarfulltrúa

Raunfærnimatið byggir á námskránni Verslunarfulltrúinn sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gaf út árið 2015 og er ætluð fólki sem hefur starfað við verslun og þjónustu í þrjú ár eða lengur. Raunfærnimatið gagnast sem staðfesting á færni og kunnáttu í störfum, en má jafnframt meta inn í formlega skólakerfið. Námskráin er alls 29 einingar og eru allir þættir til mats nema lokaverkefni sem þátttakendum býðst að ljúka til viðbótar.

Á árinu 2022 fóru átta manns í gegnum raunfærnimat í verslunarfulltrúa, þrír karlar og fimm konur. Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari og gæðastjóri í MK.

Þessi námskrá hefur verið lögð af. Raunfærnimat í verslunarfulltrúa tekur nú mið af fagnámi í verslun og þjónustu við Verslunarskóla Íslands. [Fagprof-verslunar.pdf \(verslo.is\)](#)

Raunfærnimat í búfræði

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og er metið á móti námskrá í búfræði.

Á árinu 2022 fóru fjórir einstaklingar í gegnum raunfærnimat í búfræði, tveir karlar og tvær konur. Búfræðibrautin er samtals 133 einingar og var meðaltal metinna eininga á þátttakanda 25,2 einingar.

Símenntun hefur umsjón með raunfærnimati í búfræði á landsvísu.

Matsaðilar í verkefninu eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson, báðir kennarar á framhaldsskólastigi og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir aðjúkt.

[Hér má nálgast námskrá í búfræði >](#)



Hópur Úkraínumanna í heimsókn á Landnámssetrinu.

Raunfærnimat í kerfisstjórnun

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Þetta var áður raunfærnimat í tækniþjónustu en er núna kerfisstjórnun.

Á árinu 2022 fóru 9 manns í gegnum þetta raunfærnimat, allt karlar. Matsaðili er Guðjón Þór Hjaltalín.

[Hér má nálgast námskrá í tækniþjónustu >](#)

Raunfærnimat í félagsvirkni- og uppeldisgreinum

Metið er á móti námskrám félagsliða, skólaliða og stuðningsfulltrúa.

Á árinu 2022 fóru 6 konur í raunfærnimat í félagsvirkni og uppeldisgreinum. Þrjár fóru í raunfærnimat leikskólaliða, ein í stuðningsfulltrúa, og ein í félagsliða. Meðaltal metinna eininga á þátttakanda var 54 einingar.

Matsaðilar eru Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir og Marína Sigurgeirsdóttir.

[Hér má nálgast námskrár í félagsvirkni- og uppeldisgreinum >](#)

Raunfærnimat í fisktækni

Símenntun bauð upp á raunfærnimat í fisktækni í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands undir lok árs 2022.

Tilgangurinn er m.a. að fólk geti sýnt fram á þá reynslu og færni sem það hefur skapað sér í sínu starfi, lagt er mat á hvernig einstaklingurinn getur styrkt sig í námi og starfi og m.a. stytt sér nám í framhaldinu. Þess eru mörg dæmi að einstaklingar sem hafa farið í raunfærnimat í fisktækni hafa haldið áfram námi í Fisktækniskóla Íslands, m.a. í fisktækni, gæðastjórnun og Marel vinnslutækni. Í raunfærnimatinu var metið á móti fisktæknibraut.

Alls luku átta einstaklingar raunfærnimati í fisktækni, sex karlar og tvær konur sem starfa í fiskvinnslu á Vesturlandi. Að meðaltali voru metnar um 80 einingar á einstakling í verkefninu, en fisktæknibrautin er alls 120 einingar.

Matsaðilar voru Ásdís Pálsdóttir og Klemenz Sæmundsson.

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar miðstöðvar

Símenntunarmiðstöðin er í samstarfi við IDUNA fræðslusetur um raunfærnimat í iðngreinum og við Visku í Vestmannaeyjum um raunfærnimat í skipstjórn.

Einn einstaklingur fór í raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við IDUNA og fékk 69 einingar metnar.

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og er lögð áhersla á að allt starfsfólk Símenntunar fari á slíkt námskeið.

[Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér >](#)

Raunfærnimat – tölfræði 2022

Heiti raunfærnimats	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Fjöldi metinna eininga	Meðaltalsfjöldi eininga pr. þátttakenda	Meðalaldur
Verslunarfulltrúi	8	5	3	-	-	33
Búfræði	4	2	2	101	25,2	28,5
Kerfisstjórnun	9	0	9	-	-	39
Félagsvirkni- og uppeldisgreinar	6	-	-	325	54	33
Fisktækni	8	2	6	640	80	33
Matartækni	2	2	-	70	35	52,5
Iðan húsasmíði (samstarf)	1	-	1	69	-	46

Vottaðar námsleiðir sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, en eru vottaðar af Menntamálastofnun. Námskrárnar eru bæði almenns eðlis og starfstengdar. Námskrár, sem gerðar eru í dag, byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár.

Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar



Hópur Pólverja í grunnnámi í fiskvinnslu, þarna stödd í Sögumiðstöðinni á Grundarfirði.

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2022

Námskeið	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Meðal-aldur
Atvinnulíf og íslenska - Nám fyrir flóttamenn	25	19	6	40
Fablab-Smiðja	10	3	7	38
Grunnnámskeið fyrir Fiskvinnslufólk	21	9	12	39
Líf og Heilsa – Lífstílsþjálfun	9	7	2	42
Skref til Sjálfshjálpar í lestri og ritun	24	18	6	4
Stökkpallur - kenndur á pólsku	42	19	23	42
Stökkpallur	61	24	37	35
Stökkpallur á Íslensku 100 klst.	18	7	11	52
Uppléið	7	3	4	37
Samtals	217	109	108	40,2

Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun

Megintilgangur hæfnirammans er tvíþættur;

- Auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands.
- Auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa.

Hæfniramminn getur einnig nýst almenningi sem tenging á milli óformlegs og formlegs náms, hafi slíkt nám verið sett á þrep. Miðað er við að hægt sé að tengja allt nám sem hefur skilgreind námslok, óháð því hvar það fer fram, við hæfniprep rammans. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má m.a. nota í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep. Hækkandi þrep endurspeglar auknar hæfnikröfur sem eru skilgreindar í hæfniviðmiðum fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Tveimur þrepum, 5. og 6., er skipt upp í 5.1 og 5.2 annars vegar og 6.1 og 6.2 hins vegar í því skyni að draga fram ákveðinn eðlismun á námslokum innan þessara þrepa, t.d. kröfu um reynslu af rannsóknum.

Mestallt nám í framhaldsfræðslunni er á 1.–2. hæfniprepi.

[Nánari upplýsingar um íslenska hæfnirammann má nálgast hér >](#)

Hæfnigreiningar starfa

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera. Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfsþróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

Svokallaðir starfaprófilar byggjast á þessum hæfnigreiningum, en starfaprófill dregur fram um hvaða starf er að ræða og hvaða hæfni þarf til að sinna því.

[Upplýsingar um hæfnigreiningar má finna hér >](#)

[Upplýsingar um starfaprófila má finna hér >](#)

Fjölmennt

Símenntun og Fjölmennt-símenntunar- og þekk-ingarmiðstöð hafa undanfarin ár verið í samstarfi um námsframboð fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi. Í þjónustusamningnum er tekið fram að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Forsenda þess að vel takist til er góð og öflug samvinna við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu. Vel hefur gengið að skapa námsframboð en á árinu hafði Covid-19 enn nokkur áhrif, bæði vegna samkomutakmarkana og færri ferðamanna, en þeir eru mikilvægir þegar kemur að þeim sjóðum sem vinnustaðirnir afla sér með framleiðslu sinni. Mikilvægt er einnig að benda á að fatlaðir einstaklingar sem njóta námskeiða þurfa að reiða fram hluta kostnaðar úr eigin vasa. Á flestum stöðum kemur sú upphæð frá vinnustaðnum sem hefur náð að koma sér upp sjóði með sölu handverks. Á vorönn 2022 var allmikil aðsókn á námskeiðin sem skýrist af uppsafnaðri þörf vegna Covid.



Framboð námskeiða byggist á áhugakönnunum og hugmyndum á hverjum stað fyrir sig auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi. Töluverð reynsla er komin á samstarf Símenntunar og vinnustaða fatlaðra og ganga námskeiðin almennt hnökralaust fyrir sig.

Námskeið á vorönn:

Heiti námskeiðs	Kennslustundir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi hópa	Staðsetning
Eldum og bókum	10	7	2	Akranes
Kvikmyndagerð	35	14	1	Akranes
Handverk	40	9	4	Akranes
Tónlist og tal	7,5	14	1	Fellsendi
Tölvufærni	3	5	1	Fellsendi
Eldum og bókum	16	6	2	Stykkishólmur

Sundurliðun þátttöku á vorönn 2022

Fjöldi/skráningar

Staður	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi kennslustunda	Alls kest. og þátttakendur
Akranes	30	22	85	615
Fellsendi	19	14	10,5	120
Borgarnes	0	0	0	0
Stykkishólmur	6	6	16	48
Ólafsvík	0	0	0	0
Alls	55	42	111,5	783

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

Þau námskeið sem voru kennd á önninni voru:

Heiti námskeiðs	Kennslustundir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi hópa	Staðsetning
Tónlist og sköpun	21	8	2	Akranes
Kvikmyndagerð	18	1	1	Akranes
Tónlist og tal	16	11	1	Fellsendi
Handverk	40,5	7	3	Borgarnes
Sund	6,3	7	2	Stykkishólmur
Sund	25,5	7	1	Ólafsvík

Kennslustundir reiknaðar sem samtala allra hópa þar sem um er að ræða tvo eða fleiri hópa.

Sundurliðun þátttöku á haustönn 2022

Fjöldi/skráningar

Staður	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi kennslustunda	Alls kest. og þátttakendur
Akranes	9	9	10,5	94,5
Fellsendi	11	11	16	176
Borgarnes	7	7	13,5	94,5
Stykkishólmur	7	7	6,3	44,1
Ólafsvík	7	7	12,75	89,25
Alls	41	41	115,75	498,35

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is

Íslenskukennsla

Símenntun gerir árlega samning við Rannís um íslenskukennslu fyrir útlendinga á Vesturlandi. Á árinu voru haldin 9 námskeið fyrir 88 nemendur. Byrjendanámskeið voru sjö og tvö námskeið voru haldin fyrir lengra komna. Þessi námskeið dreifðust um Vesturland og voru í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Döllum, Borgarnesi, á Bifröst og Akranesi. Athygli vekur að opinber fjárframlög til íslenskunámskeiða hafa ekki hækkað undanfarin ár.

Viðtal við Heiðar Má Björnsson kvikmyndagerðarmann á Akranesi

Týndi míkrofónninn

Heiðar Mar Björnsson, kvikmyndagerðarmaður á Akranesi hefur undanfarin þrjú vor verið með námskeið í kvikmyndagerð fyrir fatlað starfsfólk Fjöliðjunnar þar í bæ. Þetta námskeið sem er hluti af námskeiðahaldi í fullorðinsfræðslu fatlaðra á vegum Símenntunar, hefur mælst vel fyrir og afraksturinn slegið í gegn.

Heiðar Mar rekur kvikmyndafyrirtækið Muninn-film og starfar alfarið við þetta, bæði í framleiðslu á eigin efni en líka fyrir aðra. Þá hefur hann kennt kvikmyndagerð og skyldar greinar víða, t.d. í grunnskólum, Tækniskólanum, Kvikmyndaskóla Íslands og í Háskóla Íslands auk framhaldsskólanna. Hann hefur því mikla reynslu á þessu sviði og nýtir fullkominn tækjabúnað Muninnfilm fyrir námskeiðin.

Námskeiðið er hugsað sem skapandi starf fyrir þátttakendur, þau skrifa handritið sjálf og sjá um búninga og leikmynd. Þau skapa þetta því sjálf frá a til ö og taka að sér mismunandi hlutverk, sumir eru t.d. eingöngu í tæknimálunum á meðan aðrir koma að handritsgerð og leika.

Heiðar hefur hins vegar séð að mestu um að klippa og verið til aðstoðar við tökur.

Alvöru stuttmynd

Fjöldi þátttakenda hefur verið allt að þrjátíu, þar af um helmingur sem hefur komið að handritsgerðinni. Verkefni námskeiðsins er alltaf að gera eina stuttmynd, u.þ.b. tuttugu mínútur að lengd sem hefur svo verið sýnd í Bíóhöllinni á Akranesi. Í síðasta verkefni voru um 200 áhorfendur á sýningunni sem er næstum fullur salur. Sú kvikmynd bar nafnið Týndi míkrofónninn. Fyrir sýninguna hafa þátttakendur verið með söngatriði, svona til að hita upp og ná upp stemmningunni meðal áhorfenda. Sannkallaðir showmenn.



Heiðar Mar Björnsson.

Heiðar hefur verið eini kennarinn með þennan hóp auk starfsfólks frá Fjöliðjunni sem hefur verið þátttakendum til aðstoðar. Aldurinn er mestmegnis í kringum 25-30 ára en alveg niður í 18-19 og upp í 65. Þau hafa tekið upp bæði úti og inni, notað lýsingu, einnig úti þegar þess hefur þurft og jafnvel svokallað green screen.

Þetta er produksjón eða alvöru framleiðsla sem þátttakendur skipuleggja, með aðstoð Heiðars. Miðað er við að tökur taki fjóra daga og hafa upptökur tekið allan daginn. „Þau blómstra í þessu“, segir Heiðar. „Allir fá eitthvað hlutverk, líka fólk sem vegna fötlunar getur kannski ekki tjáð sig mikið og lítið hreyft sig. Allir fengu eitthvað að gera og því á allur hópurinn verkið saman“. /BPP

Samstarfsverkefni – innlend og erlend

Innlend verkefni

Stóriðjuskóli Norðuráls

Stóriðjuskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og er samvinnuverkefni Norðuráls, Símenntunar á Vesturlandi og Fjölbautaskóla Vesturlands. Auk kennara á vegum Símenntunar og FVA koma sérfræðingar frá Norðuráli að kennslunni.

Tilgangur námsins er meðal annars að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnisstöðu, auka öryggi starfsfólks við vinnu og efla starfsánægju.



Frá útskrift.

Föstudaginn 16. desember útskrifuðust 10 nemendur úr grunnnámi Stóriðjuskóla Norðuráls við hátíðlega athöfn. Þetta er sjötti hópurinn sem útskrifast úr grunnnámi skólans. Frá upphafi hafa 134 nemendur útskrifast, 95 úr grunnnámi og 36 úr framhaldsnámi. Tæplega 80% útskrifaðra nemenda starfa hjá Norðurál en sumir velja að fara í frekara nám.



Frá útskrift í Stóriðjuskóla Norðuráls, í desember sl.

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntun á Vesturlandi hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2022 sóttu atvinnuleitendur ýmis námskeið. Símenntunarmiðstöðin býður í auknum mæli upp á nám á netinu og geta atvinnuleitendur af öllu landinu sótt námið.

Kenndar voru vottaðar námsleiðir, námskeið í gerð ferilskrár, íslenskunámskeið og þá var boðið upp á nám á pólsku og ensku



Atvinnuleitendur af erlendum uppruna fara í stöðumat í íslensku ef VMST óskar eftir því. Niðurstaðan nýtist bæði í atvinnuleit en gerir jafnframt íslenskukennslu markvissara. Auk þess gera þátttakendur á íslenskunámskeiðunum ferilskrár í lok námskeiðs sem síðan eru vistaðar á vef Vinnumálastofnunar.

Ýmsan fróðleik og tölfraði má finna á vef Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is

Rauði kross Íslands

Símenntun hefur verið í farsælu samstarfi við deildir Rauða kross Íslands, bæði Vesturlandsdeild og Akranesdeild. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt eftirspurn. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en SMV leggur til húsnæði og auglýsir námskeiðin.

Velferðarstefna – öflugri öldrunarþjónusta

Verkefnið hófst 2020 og byggðist á áhersluverkefni í Sóknaráætlun Vesturlands undir heitinu „Velferðarstefna - öflugri öldrunarþjónusta“. Haft var að leiðarljósi að ýta undir samvinnu þeirra aðila sem komu að verkefninu, auk þess sem nútíma tæknilausir auðvelda miðlun upplýsinga og bæta aðgengi starfsfólks að fræðslu.

Einn hluti þessa verkefnis var að auka fræðslu starfsfólks þjónustustofnana fyrir aldraða á Vesturlandi. Þátttakendur voru öldrunar- og hjúkrunarheimili á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og félagsþjónusta sveitarfélaganna.



Boðið var upp á námskeið um streitu-, tíma og orkustjórnun, öldrunarsjúkdóma, næringu aldraðra, líknar- og lífslokameðferð og fjallað um persónuvernd í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Öll þessi námskeið voru í boði á netinu og gátu þátttakendur nálgast upptökur af fyrirlestrunum í tvær vikur eftir hvert námskeið.

Verkefninu lauk formlega samkvæmt sóknaráætluninni en áframhald er í skoðun.

Innflytjendur á Vesturlandi

Þetta er áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar Vesturlands og hefur það fyrst og fremst að markmiði að styðja við íbúa af erlendum uppruna í landshlutanum og efla þá til þátttöku á vinnumarkaði. Íbúar af erlendum uppruna eru um 13% íbúa á Vesturlandi og rúm 17% á landsvísi. Í verkefninu er lögð áhersla á að ná til sem flestra innflytjenda í landshlutanum, m.a. í samstarfi við Vinnumálastofnun og fyrirtæki og stofnanir. Innflytjendum er boðið upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og ýmis námskeið, s.s. íslenskunámskeið, samfélagsfræðslu o.fl. Verkefnið felur einnig í sér að gerð móttökuáætlunar fyrir sveitarfélög og bjóða upp á námskeið fyrir allt starfsfólk fyrirtækja og stofnana í fjölmenningarfærni. Þessi námskeið verða í boði á árinu 2023. Jovana Pavlovic mannfræðingur hefur verið ráðin til þess að stýra verkefninu.

Erlend verkefni

SINTRA – aukin sjálfbærni með innri nýsköpun

SINTRA var unnið í samstarfi fimm Evrópulanda og var markmið þess að greina þarfir fyrir nám og stuðning í fyrirtækjum og stofnunum við að innleiða sjálfbærni og nýta til þess innri nýsköpun. Sjálfbærni vísar almennt til þeirra áhrifa sem stefnur og starfshættir fyrirtækja eða stofnana hafa á umhverfi og samfélag. Hún er einnig tengd hagkvæmni og samkeppnishæfni. Innri nýsköpun (e. *intrapreneurship*) á sér stað þar sem hugarfar frumkvöðla er virkjað hjá starfsfólki til að ná fram nýsköpun í vörum eða þjónustu.



Hluti af verkefninu var að tilraunakenna námskeið þar sem þátttakendur kynnst ýmsum gagnlegum aðferðum til að nýta í innri nýsköpun í sjálfbærniverkefnum á sínum vinnustað.

Verkefnið hófst á haustmánuðum 2020 og lauk í ágúst 2022 með ráðstefnu sem haldin var á Breiðinni á Akranesi.

Viðtal við Ágúst Pétursson

leiðbeinanda á námskeiðum fyrir flóttafólk

Maður yfir ekki upp sárin

Þegar Borgarbyggð fór að taka á móti flóttafólki á Bifröst í Borgarfirði, m.a. frá Úkraínu, var Ágúst Pétursson fenginn til að kenna þeim íslensku, oft í bland við ákveðna samfélagsfræðslu. Svo vel vildi til að hann var einmitt búsettur þar á staðnum og því hæg heimatökin. Um þessar mundir eru tvö ár síðan hann byrjaði í þessari kennslu en hann hefur reyndar kennt áður á vegum Símenntunar og hefur enn lengri reynslu af vinnu með flóttafólki.

Þýskaland

Ágúst byrjaði á vegum Símenntunar árið 2009 með frumkvöðlasmiðju fyrir atvinnulaust fólk og var með þá starfsemi í nokkur ár. Einnig tók hann þátt í Evrópuverkefnum í tengslum við þetta svið, m.a. eitt um skapandi smiðjur, svokallað TELE-verkefni. Hann hélt utan um eina smiðjuna í því verkefni, sem var haldin í Borgarnesi 2015 og í framhaldinu var hann spurður af þýskum kollegum sínum hvort hann væri til í að halda svona smiðju í Þýskalandi? Ágúst sló til og það var svo sem ekki erfið ákvörðun, eftir háskólanám í Berlín á árum áður, talar hann þýsku og þekkir samfélagið vel.

Við tók nokkurra ára vinna við smiðjur fyrir flóttafólk, sem þá kom mestmegnis frá Sýrlandi vegna stríðsátaka. Þjóðverjar tóku vel á málunum og smiðjurnar sem Ágúst sá um, í Dortmund og Köln, voru fjármagnaðar af þýska ríkinu.

Markmið smiðjanna hjá Ágústi var valdefling flóttafólksins og að efla frumkvöðlahugsun hjá þeim. Jafnvel að það færi í að stofna einhvern rekstur. Ágúst segir það hafa verið mjög lærðómsríkt að vinna með flóttafólki.

Úkraínumennirnir koma

Eftir dvölinu í Þýskalandi sneri hann heim til Íslands, fór fyrst í Grundarfjörð, svo á Bifröst og



Ágúst Pétursson.

þar komu verkefnin einfaldlega til hans þegar allt fylltist af flóttafólki vegna stríðsins í Úkraínu. Hann hefur kennt íslensku þar með samfélagslegu ívafi. Það vantaði sem sé íslenskukennara, þetta var árið 2022 og hefur Ágúst kennt mörgum hópum síðan þá. Þetta eru oft í kringum 15 manna hópar. Hann kennir ekki bara tungumálið heldur fléttar því saman við íslenska sögu og menningu.

Hvernig hefur fólkið það? „Þau koma á Bifröst sem fyrsta áfangastað eða móttökustöð áður en þau fá varanlegra húsnæði annars staðar. Á Bifröst fá þau það sem þau þarfnast mest, öryggi og hvíld. Fólkið sem kemur er alls konar fólk en mest þó konur með börn. Þær eru mikið í símanum enda eiginmennirnir kannski í stríðinu.“

Hvað tekur svo við hjá þeim? „Miðað er við



Ágúst með úkraínskum íslenskunemum

að þau séu ekki mikið lengur en þrjá mánuði á Bifröst þó engum sé vísað á götuna svo sem. En fólkið vill verða sér úti um vinnu og húsnæði. Það síðarnefnda liggur ekki alveg á lausu á Íslandi í dag, eins og við vitum en þeim mun meira er af lausum störfum hins vegar. En þau störf eru ekki endilega við hæfi. Sem dæmi má nefna þrjár konur í einum hópnum, allar hámenntaðar sérfræðilæknar, en vandinn er lítill eða engin enskukunnátta. Þær fá því kannski vinnu við þríf."

Margþætt áföll

Að lokum spurði ég Ágúst hvað hann hefði lært af þessari vinnu með flóttafólk? Eitthvað sem ber

til dæmis að varast? „Maður yfir ekki upp sárin,“ segir hann. „Fólk á flótta hefur kannski upplifað margþætt trauma. Fyrsta er að stríðið kemur til þeirra og snýr öllu á hvolf. Og svo getur flóttinn sjálfur verið annað áfall.“ Við þessi orð Ágústs er vel hægt að sjá fyrir sér að Bifröst henti frá-bærlega sem skjöl og hvíldarstaður.

Og að lokum bætir hann þessu við: „Á mínum námskeiðum ræðum við allt milli himins og jarðar, en samt er tvennt ekki til umræðu: pólitík og trúarbrögð og mér heyrir þessi regla hugnist fólki vel.“ /Bbþ



Fyrsti hópurinn frá Úkraínu

Sage – Silver age learning

Snemma árs 2021 auglýsti Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð, eftir samstarfsaðila vegna tilraunakennslu á Erasmus+ verkefni sem snéri að námskeiðahaldi fyrir eldri borgara. Auk Íslands voru þátttakendur frá Grikklandi, Slóveníu, Tékklandi og Ítalíu. Símenntun tók samstarfinu fagnandi og hóf vinnu við verkefnið sem vatt síðar töluvert upp á sig. Verkefnið hélt svo áfram fram á mitt ár 2022 þegar lokaskýrslum var skilað. Ákveðið var að halda námskeið bæði í Borgarnesi og á Akranesi, og námskeiðin slökun og næringarfræði voru haldin á Akranesi snemma árs 2022, en námskeiðum í hreyfingu, næringu og slökun lauk í Borgarnesi á haustmánuðum 2021. Búið var að vinna kennsluefni en hver kennari útfærði og aðlagði efnið að sínum áherslum og þátttakendahóp. Verkefnið heppnaðist afar vel og mikil þátttaka var á námskeiðunum. Á haustmánuðum var haldið námskeið í slökun í Búðardal vegna styrks sem fékkst úr Lýðheilsusjóði til áframhaldandi námskeiðahalds í verkefninu. Mikil vitundarvakning á sér nú stað á meðal eldri borgara um gildi heilsueflingar og margar fyrirspurnir liggja fyrir um framhald á námskeiðahaldi í þá veru. Verkefninu lauk síðla árs 2022.

Motive

Símenntun á Vesturlandi leiðir evrópska samstarfsverkefnið MOTIVE þar sem verið er að taka saman í handbók gagnlegar aðferðir í fjarkennslu í fullorðinsfræðslu og starfsnámi. Aðrir þátttakendur í verkefninu koma frá Búlgaríu, Spáni, Kýpur og Grikklandi.

Þátttakendur hafa unnið mikla rannsóknarvinnu, meðal annars tekið viðtöl og kannanir þar sem reyndir leiðbeinendur voru m.a. spurðir hvaða aðferðir hafi reynst þeim best þegar skyndilega þurfti að færa allt nám yfir í fjarnám þegar heimsfaraldurinn gekk yfir. Niðurstöðunum er síðan safnað saman í handbók, þar sem þessum gagnlegu aðferðum er safnað saman. Handbókin er tilbúin og verður þýdd á tungumál þátttökulandanna. Verið er að gera kennslu- og stuðningsmyndbönd sem eiga að nýtast þeim sem þurfa nýta fjarkennslu. Verkefninu lýkur í maí 2023.



Frá vinnufundi í Motive-verkefninu.

[Allar nánari upplýsingar um verkefnið er á heimasíðunni >](#)

Active Citizenship in Adult Education

Símenntun er þátttakandi í Nordplus verkefni um borgaravitund. Það er ársverkefni og samstarfsaðilar eru Menntaskólinn á Tröllaskaga, KVUC í Danmörku, KSL í Finnlandi og SE-Upplands-bro vuxen-utbildning í Svíþjóð.

Verkefnið Active citizen-ship in adult education, gengur fyrst og fremst út á að miðla þekkingu og reynslu með norrænum kollegum. Borgarvitund má skilgreina sem þrí-hliða hugtak sem snýr að réttindum, þátttöku og þegnskap í samfélagi. Á Norðurlöndunum er borgaravitund gjarnan skilgreind t.d. sem hæfni til mikilvægrar ákvarðanatöku, getu til að taka þátt í samfél-aginu og að axla ábyrgð. Þrátt fyrir slíka skilgreiningu getur verið munur á því hvernig unnið er með borgaravitund í skólastarfi. Það er áhuga-vert að afla sér nýrrar þekkingar, skiptast á reynslu og rökræða við norræna kollega um hvernig megi efla borgaravitund. Hugmyndin að verkefninu spratt upp úr jarðvegi kennara í fullorðinsfræðslu sem vilja skoða hvernig borgaravitund getur skapað tengsl milli kennslustofunnar og nærsamfélagsins og hvernig má takast á við nýjar áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir. Þar á meðal eru áætlanir um hvernig eigi að kenna og fjalla um umdeild samfélagsleg málefni og hvernig skapa megi góð skilyrði fyrir lýðræðislegt samtal í fullorðinsfræðslu.



Frá fundi í verkefninu í Svíþjóð í nóvember.

Þátttakendur hittust á Íslandi í september og í Svíþjóð í nóvember.

Heimsókn erlendra kollega

Í apríl fengum við góða gesti í heimsókn frá Eistlandi sem vildu kynna sér framhaldsfræðslu og framhaldsskóla á Íslandi. Þetta voru þau Terje Kruusimaa deildarstjóri í máladeild í Tartu Folk High School, Ena Drenkhan sérfræðingur í framhaldsfræðslu hjá Mennta- og rannsóknarráðuneyti Eistlands, Ingrid Leinus deildarstjóri hjá Tartu Folk High School og jafnframt fulltrúi í stjórn Estonian Folk High Schools` Association, Aksel Lõbu deildarstjóri samskipta og upplýsingatækni í Tartu Folk High School og upplýsingafulltrúi í Estonian Folk High Schools` Association.

Dagskráin hjá þeim var býsna þétt, en þau fengu kynningu á starfsemi Símenntunar og Menntaskóla Borgarfjarðar. Eftir það fengu þau sér hressingu á Kaffi Kyrrð í Borgarnesi.



Erlendir kollegar í heimsókn.



Gestir frá Tartu, Eistlandi auk Ingu Dóru og Guðrúnar Völu.

Fyrirtækjafræðsla

Hjá Símenntun á Vesturlandi er verið að auka áherslu á fyrirtækjafræðslu og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir og fræðslu innan þeirra. Sú aukna áhersla kemur í framhaldi af stefnumótun í markaðsmálum sem nýverið var unnin og hefur aðstoðað við að skýra enn frekar fókusinn á fyrirtækjafræðslu innan Símenntunar.

Lagður var grunnur að auknu samstarfi við bæði fyrirtæki og stofnanir á svæðinu með samtali og heimsóknum, bæði rafrænum og í raunheimum og var því haldið áfram á þessu ári. Í þessum heimsóknum höfum við kynnt hvaða þjónustu Símenntun getur veitt í fyrirtækjafræðslu og eru þó nokkur mismunandi verkefni í undirbúningi í framhaldi af því.

Með tilkomu Learncove hafa möguleikarnir varðandi fyrirtækjafræðslu einnig aukist. Þannig er hægt að miðla fræðslu til fyrirtækja á fjölbreyttari hátt enda er hægt að nýta Learncove til að miðla á rafrænan hátt, bjóða upp á hefðbundna staðkennslu og einnig hægt að blanda þessu tvennu saman allt eftir því hvað hentar fyrirtækjum best.

Á komandi ári mun Símenntun halda áfram að rækta sambandið við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og aðstoða þau varðandi fræðslumál á framúrskarandi hátt.

Á síðasta ári voru fjöldi námskeiða sem haldin voru fyrir fyrirtæki og stofnanir á svæðinu tæplega 40 og nemendastundirnar voru um 2000.

Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2022 var lögð talsverð áhersla á að kynna verkefnið **Fræðslustjóri að láni** meðal fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi. Í samtölum og heimsóknum til fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi hafa verkefnastjórar Símenntunar fundið fyrir auknum áhuga fyrirtækja á fræðslumálum. Sérstaklega hafa þau mörg sýnt verkefninu Fræðslustjóri að láni áhuga.

Fræðslustjóri að láni byggist á því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana sem er sérhæfður í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu og þjálfunarmál fyrirtækisins, hampar því sem vel er gert og setur fram áætlun um hvernig megi bæta það sem þarf að bæta. Verkefnið byggir m.a. á því að skipulega er unnið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum og verkefni sem tengjast skipulagningu menntunar, þjálfunar og öðru sem tengist uppbyggingu starfsmanna

Starfsmannaþróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki og stofnanir. Til að hægt sé að mæta þörfum starfsmanna er lykilatriði að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu **Fræðslustjóri að láni** er lagt til grundvallar að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun innan þess.

Með þessum hætti fæst yfirlit yfir mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur nýtt krafta sína í önnur verkefni.

Margir starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna niðurgreiða verkefnið **Fræðslustjóri að láni** og meðal annars hægt að fá upplýsingar um sjóðina á vefnum Áttin: www.attin.is

Á árinu 2022 voru unnin þrjú verkefni **Fræðslustjóri að láni** þar sem afurðin var fræðsluáætlun. Innan Símenntunar er núna í þróun verkefni sem kallast Fræðslustjóri að leigu en í því felst að Símenntun og fyrirtæki eða stofnun sem farið hefur í gegnum **Fræðslustjóri að láni** gera með sér samkomulag um að ráðgjafi Símenntunar verði viðkomandi fyrirtæki eða stofnun innanhandar í að skipuleggja og koma námskeiðum í framkvæmd samkvæmt áætluninni. Að fá fræðslustjóra að leigu hentar oft vel þegar ekki er til staðar fræðslustjóri og/eða mannauðsstjóri hefur ekki svigrúm til að sinna fræðslumálum eins og þarf. Tvö verkefni um fræðslustjóra að leigu eru nú þegar hafin hjá Símenntun.

Samtök í fullorðinsfræðslu

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir (nú Símennt) eru samtök fræðslu- og símenntunar-miðstöðva, en 11 símenntunarmiðstöðvar eiga aðild að samtökunum. Markmið samtakanna eru m.a. að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna, en símenntunarmiðstöðvarnar eru um allt land. Níu þeirra eru á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.



Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hafa hist á reglulegum fundum í gegnum tíðina, en sökum Covid-19 höfðu ekki verið haldnir sameiginlegir fundir í tvö ár. Úr því var bætt þegar hist var á Akureyri í september en á fundinum var tilkynnt um nafnabreytingu þ.e. að nýja nafn Kvasis yrði Símennt.

Nánari upplýsingar um Símennt er að finna á www.fraedslumidstodvar.is

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaeilla, eru lögaðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta aðilar innan hins formlega skólakerfis sem starfar að mestu leyti í samræmi við tilgang og markmið Leiknar orðið aðilar. Símenntun er aðili að Leikn.



Nánari upplýsingar um Leikn má finna á www.leikn.is

Úr ýmsum áttum

Fyrirmynd í námi fullorðinna

Á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var Sigurður Þorsteinn Guðmundsson á Akranesi annar tveggja sem fengu viðurkenningar sem fyrirmynd í námi fullorðinna.

Sigurður er gott dæmi um nemanda sem hefur ekki látið ýmsar hindranir og vind í fangið koma í veg fyrir að hann næði takmarki sínu.

Sigurður ólst upp erlendis og þegar heim kom reyndist íslenskan honum fjötur um fót á menntabrautinni. Þar kom að hann hætti í námi í framhaldsskóla og fór ungur út á vinnumarkaðinn. Seinna á lífsleiðinni, þá kominn með fjölskyldu og börn, ákvað Sigurður að prófa raunfærnimatið hjá Símenntun á Vesturlandi. Til að byrja með var metin almenn starfshæfni og út frá því mati segist Sigurður hafa öðlast sjálfstraust og fengið trúna á að hann gæti, þrátt fyrir allt, tekist á við ýmislegt. Í framhaldinu fór Sigurður í raunfærnimat fyrir félagsliða, sem hann segir að hafi gengið ótrúlega vel. Allt í kringum raunfærnimatið segir Sigurður að hafi verið afar jákvætt, vel hafi verið staðið að málum og honum hafi liðið mjög vel í því ferli.



Sigurður Þorsteinn ásamt Ingu Dóru framkvæmdastjóra og Sólveigu Indriðadóttur náms- og starfsráðgjafa

Að loknu raunfærnimatinu tók Sigurður skrefið og innritaði sig á félagsliðabréf í Borgarholtsskóla í Reykjavík og það nám stundar hann nú og lætur vel af. Námið er byggt upp á þremur lotum á hverri önn og á milli þeirra er fjarnám.

Þegar Sigurður horfir til baka segist hann vera Símenntun þakklátur fyrir að hafa greitt hans götu og tekið honum opnum örmum. Lærdómurinn af hans ferli sé fyrst og fremst sá að mikilvægast sé að taka skrefið, banka upp á hjá símenntunarmiðstöðvunum og fá leiðsögn og stuðning til að finna bestu leiðirnar til þekkingaröflunar.

Sigurður segir viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hafa komið skemmtilega á óvart, hún sé mikilvæg hvatning til þess að halda ótrauður áfram í námi sínu. Svo sannarlega er Sigurður öðrum fyrirmynd í námi.

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) var formlega stofnuð 11. desember 2014 og er til húsa á Suðurgötu 57 á Akranesi. Hlutverk hennar er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntun er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

Símenntun og Starfsendurhæfingin eru í miklu og góðu samstarfi með námstækifæri, ýmsa fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: www.starfvest.is

FABLAB

Símenntun tekur þátt í samstarfi um FabLab smiðju sem hýst er í Breið nýsköpunarsetri á Akranesi. FabLab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu sem gefum ungum sem öldnum einstaklingum að nýta sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Með þessu samstarfi gefst Símenntun tækifæri til að bjóða upp á námskeið í stafrænni smiðju og stuðla þannig að nýsköpun, auka framboð og fjölbreytni í námi.

Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands

Líkt og síðustu ár annaðist Símenntun kennslu fyrir erlenda skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta; grunnþætti íslensks tungumáls, íslenska sögu og menningu og loks vettvangsferðir. Sett var upp námskeið þar sem leiðbeinandi var með skiptinemunum á Hvanneyri einu sinni í viku í 6 skipti, 1,5 klst. í senn. Einnig var farið í vettvangsferðir, annars vegar í uppsveitir Borgarfjarðar; í Kraumu, Hraunfossa og Reykholt, og hins vegar á Akranes. Þar var farið í Akranesvita þar sem hlítt var á staðarhaldara, farið alla leið upp og spilað var á gítar og sungið í ótrúlegum hljómburði vitans. Loks var haldið á



Skiptinemarnir voru 22 og komu víða að. Flestir voru frá Frakklandi, eða sjö nemendur. Fimm voru frá Þýskalandi en aðrir nemendur voru frá Póllandi, Svíþjóð, Sviss, Hollandi, Ítalíu, Tékklandi, Kína og Kanada. Afar góður andi og áhugi var í hópnum og námskeiðið hefur líklega fest rætur í skólastarfinu á Hvanneyri.

Byggðasafnið þar sem grunnsýning um lífið á Akranesi allt frá 17. öld til 20. aldar var skoðuð. Í kennslustundunum var boðið upp á örnámskeið í íslensku þar sem nemendur gátu tileinkað sér einföld tjáskipti og lært íslenska hljóðsetningu, fjallað um uppbyggingu íslensks samfélags og um íslenskar hefðir og dægurmál og menningu. Einnig var fjallað um íslenska náttúru, jarðfræði og landafræði Íslands.

Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.

Sjá vef: www.frae.is

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu.

Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

European Association for the Education of Adults

Hér má finna ýmsar upplýsingar um fullorðins fræðslu í Evrópu.

Sjá vef: [European Association for the Education of Adults \(eaea.org\)](http://eaea.org)

Nordic Netværk for Voksnes Læring

Hér má finna ýmsar upplýsingar um norrænt tengslanet fullorðinna.

Sjá vef: www.nvl.org



Að lokum

Allt er breytingum háð og undanfarin ár hafa sýnt og sannað að við mannfólkið megum okkar lítils gagnvart ýmsum öflum hvort sem þau eru af náttúrunnar völdum eða pólitískum. Íslendingar eins og aðrir jarðarbúar hafa fengið sinn skerf af Covid-19, jarðskjálftum, eldgosum, vetrarhörkum og rysjóttu veðurfari.

Þegar við héldum að öldur myndi lægja tók einræðisherra í austri ákvörðun um að hefja stríð við nágranna sína og frændur í Úkraínu. Með því breyttust ekki bara í einni svipan hugmyndir okkar um frið í heiminum, heldur breyttust allar hagfræðilegar forsendur og vonir okkar um góðæri urðu að engu. Verðbólgan er á flugi, stýrivextir eru stjarnfræðilega háir en eftir sem áður bítum við á jaxlinn, tuðum smávegis og höldum okkur við íslenska mottóið „þetta reddast“.

En hvert er ég að fara með þessu? Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir allt erum við lánsöm þjóð og lausnamiðuð. Við búum við lýðræði og skoðanafrelsi og vandamál okkar eru smámál miðað við stríðshörmungar og þann hrylling sem margar þjóðir upplifa. Þegar ljóst varð á fyrri hluta ársins 2022 að fjöldi fólks frá Úkraínu þyrfti að flýja heimaland sitt, brugðust íslensk stjórnvöld við af mikilli rausn og velvild. Flóttafólk frá Úkraínu fékk vernd á Íslandi og í fyrsta sinn virkjuðu stjórnvöld 44. grein útlendingalaga þar

sem kveður á um sameiginlega vernd vegna fjöldaflóttu frá ákveðnum svæðum. Árið 2022 sóttu 2.345 einstaklingar um tímabundna vernd á grundvelli 44. gr. útlendingalaga hér á landi. Þar af hefur Útlendingastofnun þegar veitt tæplega 2.309 umsækjendum slíka vernd. Borgarbyggð hefur tekið á móti fólki frá Úkraínu

í tímabundið dvalar- og þjónustuúrræði á Bifröst. Vel er staðið að þessu úrræði og var Símenntun þátttakandi í verkefninu frá upphafi. Þannig höfum við átt aðild að íslenskukennslu, fræðslu um íslenskt atvinnulíf og samfélag, auk náms- og starfsráðgjafar fyrir úkraínska íbúa á Bifröst. Fyrir hönd Símenntunar vil ég þakka fyrir gefandi samstarf og legg áherslu á hversu dýrmætt það er fá að vera þátttakandi í fjölmenningarlegum verkefnum.



Guðrún Vala Elís dóttir
framkvæmdastjóri Símenntunar.

Eitt af hlutverkum Símenntunar er að bregðast við eftirspurn eftir fræðslu í samfélaginu og hér hefur mikilvægi þess enn og aftur sannast. Eins og lesendur hafa séð í þessari árskýrslu eru verkefnin fjölmörg og má líkja við snjóbolta sem hleður utan á sig og við grípum jafnóðum. Við höfum sinnt raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf, fyrirtækjafræðslu, velferðarverkefnum, kennt vottaðar námsleiðir og íslensku fyrir innflytjendur, tekið þátt í erlendum þróunarverkefnum, þjónustað fjarnema, haldið námskeið fyrir fatlaða og í tölvulæsi fyrir aldraða

svo fátt eitt sé nefnt. Framtíðarsýn mín segir mér að aukin áhersla verði á fræðslu fyrir þá þjóðfélagshópa sem mest stækka þ.e. innflytjendur og eldri borgara. Það er morgunljóst að Ísland er fjölmenningslegt samfélag og innflytjendur mikilvægir alls staðar í samfélaginu, ekki síst í atvinnulífinu. Þessum hópi þarf að sinna, hvort heldur sem er með íslenskukennslu, samfélagsfræðslu, raunfærnimati eða ráðgjöf. Að koma á laggirnar fræðslu og samtali hjálpar innflytjendum að skilja menningu og samfélag í nýjum heimkynnum. Tryggja þarf aðgengileg menntunarúrræði á viðráðanlegu verði, virða og meta fyrra nám, bjóða upp á íslenskunám fyrir innflytjendur og gera þeim kleift að verða virkir borgarar í nýju heimalandi. Fullorðinsfræðslan er ómissandi til að tryggja að einstaklingar og samfélagið njóti góðs af menntun og færni innflytjenda.

Og Íslendingar lifa almennt lengur og búa við betri heilsu. Þeir munu vilja fræðslu og afþreyingu við hæfi en eftirspurn á námskeiðum í tölvulæsi sýndu það svo ekki verður um villst. Rannsóknir sýna að eldri borgarar í námi eru virkari, hafa meiri félagsleg tengsl, eru virkari sjálfbóðaliðar, vinna lengur og eru heilsuhraustari. Það er því nauðsynlegt að bjóða upp á náms-tækifæri og þarf Símenntun að koma til móts við þennan hóp af fullum þunga.

Fullorðinsfræðsla er sérlega öflugt verkfæri til að ná saman fólki úr mismunandi kimum samfélagsins, til að þróa gagnkvæman skilning og virðingu, auka félagslega virkni, persónulegan þroska og velferð. Hún styður við samfélagið og lýðræðið og stuðlar að friði.



Allt er breytingum háð, en fyrir ári síðan óraði mig ekki fyrir því að ég tæki við sem framkvæmdastjóri Símenntunar. Ég tók formlega við starfinu 1. nóvember og er þakklát fyrir það traust sem mér hefur verið falið. Mannauður Símenntunar er ómetanlegur og hryggjarstykkið í sterkri stofnun. Ég vil nota tækifærið og þakka bæði núverandi og fyrrverandi starfsfólki fyrir vel unnin störf, með fagmennsku, sveigjanleika og framsækni að leiðarljósi. Viðskiptavinum, samstarfsaðilum og stjórn Símenntunar kann ég bestu þakkir og hlakka til að takast á við breytingar, áskoranir og verkefni með ykkur áfram.

Guðrún Vala Elísdóttir,
framkvæmdastjóri Símenntunar



ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNAR Á VESTURLANDI 2022

RITSTJÓRI: Björgvin Þór Þórhallsson, verkefnastjóri

ÁBYRGÐARMAÐUR: Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar

UMBROT OG UPPSETNING: Óli Arnar Brynjarsson

Starfsfólk Símenntunar eru höfundar efnis.

Myndir fengnar héðan og þáðan úr starfinu.